# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

179. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. ÁGÚST 2017




Bandaríska rokksveitin Red Hot Chili Peppers hélt tónleika í Laugardalshöllinni í gær en aðdáendur höfðu beðið óþreyjufullir eftir komu sveitarinnar til landsins. Hljómsveitin hefur selt um sextíu milljónir platna og tók hún flesta af sínum þekktustu slögurum í gærkvöldi. Var ekki annað að sjá en að tónleikagestir skemmtu sér konunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Klaufaskapur sem stangast á við siðareglur

**STJÓRNSÝSLA** „Það er frekar augljóst að það eru nokkrar reglur í siðareglum alþingismanna og ráðherra sem hægt væri að benda á að þetta stangist á við,“ segir Jón Ólafsson, formaður Gagnsæis – samtaka gegn spillingu.

Jón fór einnig fyrir nefnd sem hélt utan um gerð siðareglnanna.

Hann bendir á að hingað til, þegar mál áþekk þessu hafa komið upp, hafi viðbrögð embættismanna verið léttvæg. Jón nefnir einnig að þegar slík mál koma upp í nágrannalöndum okkar nægi klaufagangur sem þessi til afsagnar.

„Ráðherra getur ekki leyft sér að hjálpa vinum sínum með störfum sínum sem ráðherra. Þarna er þingmaður og ráðherra að láta taka mynd af sér í þingsalnum til að hjálpa ákveðnum aðila,“ segir Jón.

– jóe / sjá síðu 4

# Þúsundir tonna af kindakjöti safnast upp

**Kindakjötsbirgðir verða um sjö hundruð til eitt þúsund tonnum meiri í haust heldur en æskilegt væri að mati framkvæmdastjóra Markaðsráðs kindakjöts. Birgðirnar voru 2.600 tonn um mitt árið. Útflutningurinn hefur gengið illa.**

**LANDBÚNAÐUR** Útlit er fyrir að birgðir af kindakjöti í landinu við upphaf sláturtíðar verði sjö hundruð til eitt þúsund tonnum meiri en æskilegt væri, að sögn Svavars Halldórssonar, framkvæmdastjóra Markaðsráðs kindakjöts. Innanlandssala hefur gengið vel en útflutningur hefur hins vegar dregist saman tvö ár í röð, meðal annars vegna gengisstyrkingar krónunnar og lokunar markaða í Noregi og Rússlandi.

Svavar segir þá undarlegu stöðu blasa við að þrátt fyrir mikla innanlandssölu, en hún jókst um 16,6 prósent á öðrum fjórðungi ársins, og mikinn árangur í markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum, þá séu „alvarlegar blikur á lofti varðandi afurðaverð“ í haust.

Útflutningur á kindakjöti dróst saman um 5,1 prósent í fyrra en þá voru flutt út um 2.800 tonn fyrir tæpa tvo milljarða króna. Árið áður dróst útflutningurinn saman um 14,4 prósent. „Þessir markaðir fyrir kjöt sem er ekki upprunatengt, og er þannig háð heimsmarkaðsverði, hafa reynst okkur mjög erfiðir. Við gripum til aðgerða síðasta haust og í vetur en krónan hefur bara haldið áfram að styrkjast.“ Hann bætir við að vonir séu bundnar við ný verkefni á betur borgandi mörkuðum. Erfiðleikarnir í útflutningi hafa valdið töluverði birgðasöfnun. Til marks um það voru kindakjötsbirgðir um 2.600 tonn um mitt ár sem er tæpum þrettán prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Eru horfur á að birgðirnar verði um 700 til 1.000 tonnum meiri en æskilegt væri í upphafi sláturtíðar. – kij

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Elín Björg Jónsdóttir skrifar um langan vinnudag. 12

**SPORT** FH-ingar þurfa að sækja gegn slóvensku meisturunum. 20

**TÍMAMÓT** Þorgrímur Óli Sigurðsson leggur lögreglubúningnum á hilluna. 22

**LÍFIÐ** Sjálflærði ljósmyndarinn og leikstjórinn Antonía Lárusdóttir hefur vakið athygli undanfarið. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Fremur hægur vindur í dag og á miðvikudag, skýjað með köflum og stöku skúrir. Hiti 8 til 18 stig, svalast austast. SJÁ SÍÐU 24



Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Danir bæta við sig í Össuri

**VIÐSKIPTI** Danska fjárfestingarfélagið William Demant Invest keypti í síðustu viku þrjár milljónir hluta í íslenska stoðtækjaframleiðandanum Össuri fyrir um 1,45 milljarða króna. Eignarhlutur félagsins í Össuri fór þannig yfir 45 prósent.

Danska félagið, sem er í eigu Oticon-stofnunarinnar, keypti hlutina á genginu 29,75 danskar krónur á hlut. Félagið er langsamlega stærsti hluthafi Össurar.

Þar á eftir kemur danski lífeyrissjóðurinn ATP, sem átti um 6,2 prósenta hlut í lok síðasta árs, og þá eiga Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi – lífeyrissjóður um sex prósenta hlut. William Demant hefur bætt nokkuð við hlut sinn í Össuri það sem af er ári, úr 42,1 prósenti í 46 prósent.

Hagnaður Össurar nam þrettán milljónum dala á öðrum fjórðungi ársins og dróst saman um 13,3 prósent á milli ára, en félagið birti uppgjör fyrir tímabilið í síðustu viku. Var salan 145 milljónir dala á fjórðungnum og jókst um sex milljónir á milli ára. – kij

**46%**

er eignarhlutur William Demant Invest í Össuri.

# Tímans tönn í Hafnarfirði



Svokallað Dvergshús sem hefur sett svip sinn á miðbæ Hafnarfjarðar um áratugaskeið þar sem það stóð við Lækjargötu 2 er nú að hverfa af yfirborði jarðar. Á svæðinu á að reisa blandaða byggð eftir vinningstillögu í samkeppni sem bæjaryfirvöld efndu til. „Lækjargata 2 er á eftirsóknarverðu svæði fyrir íbúðabyggð en hefur um árabil verið vannýtt og húsið lítil prýði fyrir ásýnd bæjarins,“ segir á vef Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikill hiti og læti í leik í Vesturbænum

**ÍÞRÓTTIR** Veðurblíðan og hitinn á höfuðborgarsvæðinu fóru eitthvað illa í einn stuðningsmann Víkings frá Ólafsvík í gær. Þegar liðið skoraði jöfnunarmark sitt gegn KR í Pepsi-deild karla, ætlaði allt um koll að keyra í stúkunni. Sérstaklega hjá stuðningsmönnum Víkings. Einn stuðningsmaður þeirra lét hins vegar skapið hlaupa með sig í gönur og hljóp inn á Alvogen völlinn en var snarlega snúið við af öryggisverði og fylgt út af vellinum.

Í leiklýsingu Vísis frá leiknum segir enn fremur að stuðningsmaður Víkings hafi slegið stuðningsmann KR.

KR vann leikinn 4-2 en eftir að hafa lent tveimur mörkum undir, 2-0, jöfnuðu Víkingar með marki Guðmundar Steins Hafsteinssonar á 74. mínútu. – bb

FRÉTTABLAÐIÐ
89%
af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.
*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup apr.–jún. 2017.

# Hægt og milt veður í kortunum en lítill hiti

**Spákortin fyrir verslunarmannahelgina líta ágætlega út. Hiti verður lítill en það verður líka lítill vindur. Landið allt lítur svipað út samkvæmt langtímaspám, segir veðurfræðingur. Sólarglenna hér og þar, lítill vindur og lítil úrkoma.**

**VEÐUR** „Vikan lítur vel út. Hægur vindur, smá skúrir en annars milt og fínt. Sól við og við,“ segir veðurfræðingurinn Arnór Tumi Jóhannsson á Veðurstofunni. Spáin um verslunarmannahelgina fyrir landið allt er svipuð. Enginn einn staður sker sig úr. Á suðurströndinni er gert ráð fyrir vestanátt og ekki útilokað að sólin kíki við og heilsi upp á gesti á Þjóðhátíð.

„Þetta verður meinlaus vestanátt. Kortið sýnir að vindurinn verði 5-10 metrar á sekúndu og ekki útilokað að sólin gægist fram úr skýjunum. Hitinn verður frá 10-12 stigum, úrkomulítið og bjart með köflum. Þetta sýnist mér verða bara dásamlegt ágústveður – það gæti verið mun verra,“ segir hann.

Sem fyrr er búist við miklum mannfjölda í Vestmannaeyjum þar sem Þjóðhátíð fer fram. Þá er einnig búist við drullugóðri skemmtun á Vestfjörðum þar sem sparkað verður í Mýrarboltann. Í Reykjavík verður Innipúkinn með allri sinni gleði, á Flúðum verða Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar, sveitaböll með Á móti sól og Sálinni hans Jóns míns, hinn stórskemmtilegi Traktoratryllingur auk stórskemmtilegrar barnadagskrár. Þá verður unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum. En það er sama hvert litið er, veðrið er keimlíkt samkvæmt langtímaspá. Lítill vindur, milt og fínt ágústveður og smá sólarglæta.

„Ég er sjálfur þannig að ef það er ekki rok og rigning þá er mér persónulega alveg sama,“ segir Arnór. „Það er fínt veður í kortunum fyrir landið allt, hægur vindur og lítil úrkoma. Smá skúrir en ekkert til að kvarta yfir. Það verður bjart með köflum og samkvæmt því sem kortin eru að sýna okkur þá mun sjást til sólar. Hitinn verður yfir daginn um 10-16 stig þannig að þetta lítur mjög vel út,“ segir hann.

Þeir sem ætla að elta sólina og góða veðrið geta því andað léttar og valið sér hátíð þar sem dagskráin hentar hverjum og einum. Af nægu er að taka. benediktboas@365.is



Veðrið mun ekki setja strik í reikninginn samkvæmt langtímaspánni. Þjóðhátíð mun fara fram í rólegu veðri og hægum vindi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta sýnist mér verða bara dásamlegt ágústveður – það gæti verið mun verra.
>
> Arnór Tumi Jóhannsson veðurfræðingur

### Nokkrar útihátíðir um komandi helgi

**Innipúkinn**
Armband á hátíðina í ár kostar 7.990 krónur.

**Mýrarboltinn**
Ball- og keppnisarmband kosta 6.000 krónur hvort.

**Þjóðhátíð**
Miðinn kostar 22.900 krónur.

**Sæludagar KFUK og KFUM**
Fyrir 13 ára og eldri kostar 5.000 krónur.

# Sumarið snýst um iPhone!




**iPhone 7**
32 GB

**99.990 kr.** stgr.

**iPhone 7 Plus**
32 GB

**109.990 kr.** stgr.













**Sopapoki**

**2.990 kr.** stgr.

**Stuðpinni** 5.200 mAh

**2.990 kr.** stgr.

**Tjald**

**3.490 kr.** stgr.

**Letihaugur**

**3.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi
og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Viðurkennir að hafa sleppt 160 þúsund seiðum af norskum stofni

**SAMFÉLAG** Níels Ársælsson útgerðarmaður segist hafa sleppt 160 þúsund laxaseiðum af norskum stofni í sjó við Gileyri á Tálknafirði árið 2002. Níels vildi ekki ræða við fréttastofu vegna málsins. Líkt og fjallað hefur verið um gefa bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar Hafrannsóknastofnunar skýr merki um erfðablöndun í tveimur laxastofnun í Botnsá og Sunndalsá en báðar árnar eru á svæðinu.

Guðni Guðbergsson, forstöðumaður ferskvatnslífríkissviðs, segir mögulegt að áhrifa sleppingarinnar sé þarna að gæta. Fara þurfi aftur yfir gögnin í ljósi nýrra upplýsinga.

Árið 2001 keypti félagið Eyrarfiskeldi hf., í eigu Níels Ársælssonar, um 160 þúsund laxaseiði af norskum stofni. Þau komu til eldishússins við Gileyri á Tálknafirði í september 2001 og áttu að fara í sjókvíar sumarið eftir. Slátra átti fiskinum í desember 2003 og gert var ráð fyrir að aflinn yrði um 600 til 700 tonn.

**Fiskistofa hafði ekki heyrt af málinu þegar fréttastofa hafði samband en segir það grafalvarlegt.**

Þessar áætlanir urðu að engu þegar norskur samstarfsaðili Eyrar varð gjaldþrota. Þrátt fyrir tilraunir fékk félagið hvorki lánsfjármagn né nýtt hlutafé til kaupa á eldiskvíum.

Um mitt ár 2002 þraut fjármagnið og eftir að laxaseiðin höfðu verið í þriggja mánaða svelti ákvað Níels að hleypa seiðunum 160 þúsund í sjó við Gileyri í gegnum botnlokur. Seiðin voru um 350 til 600 grömm þegar þeim var sleppt.

„Ef þetta hafa verið fiskar sem voru seiði 2001 þá er býsna langt síðan og þetta er þá komið yfir á aðra kynslóð. Ef ég veit rétt hafa þessir fiskar verið af fyrstu kynslóð. En í ljósi þessa þarf að fara yfir þau gögn aftur,“ segir Guðni hjá Hafró.

Hann segir einnig mögulegt að efla þurfi eftirlit með laxeldi hér á landi fyrst menn komist upp með að sleppa slíku magni af seiðum án þess að eftirlitsaðilar verði þess varir.

Fiskistofa hafði ekki heyrt af málinu þegar fréttastofa hafði samband en segir það grafalvarlegt. Háttsemin varði nokkur ákvæði laga um fiskeldi og geta brot af þessu tagi varðað fangelsisvist. - ss

## Gagnrýnir ummæli Jóns H. B. Snorrasonar

**LÖGREGLA** Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður manns sem kærði framgöngu lögreglunnar þegar hann var handtekinn fyrir utan Hamborgarabúlluna í Kópavogi í vor, furðar sig á ummælum Jóns H. B. Snorrasonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns lögreglu höfuðborgarsvæðisins, í fréttum Ríkissjónvarpsins 27. júlí síðastliðinn þess efnis að ekkert bendi til að lögreglumennirnir sem stóðu að handtökunni hafi farið offari.



Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður

„Ég held að Jón hafi ekki séð rannsóknargögn málsins og viti ekkert um málið nema það sem hann hefur frá lögreglumönnunum sjálfum,“ segir Ómar Örn. „Þegar lögreglumaður, samkvæmt vitnum, er að skella bílhurð ítrekað á fótleggi manns og tvífótbrjóta hann vegna þess að hann neitaði gefa upp kennitölu sína, þá finnst mér það vera offors.“

Málið er til rannsóknar hjá embætti héraðssaksóknara en nefnd um eftirlit með lögreglu vísaði málinu þangað þar sem það varðar grun um refsivert athæfi.

Ómar Örn segir ummælin ekki síður óheppileg í ljósi þess að Jón bendir sjálfur á að málið sé enn í rannsókn hjá óháðum aðila og einnig með hliðsjón af stöðu Jóns sem mun hefja störf sem saksóknari hjá ríkissaksóknara í næstu viku.

Ríkissaksóknari er kæruaðili í málum héraðssaksóknara og niðurstaða um ákæru í umræddu máli getur því sætt kæru til ríkissaksóknara. – aá

# Grundvallarprinsipp almennt meðhöndluð af léttúð á Íslandi

**Auðvelt er að heimfæra háttsemi umhverfisráðherra undir brot á siðareglum ráðherra og þingmanna, segir formaður Gagnsæis. Kæmi slíkt mál upp í nágrannalöndum okkar þýddi það líklega afsögn. Kjörnir fulltrúar verði að passa að gefa ekki færi á sér. Hönnuður kjólsins segir myndina ekki hugsaða sem auglýsingu.**

**STJÓRNSÝSLA** Það vantar í íslenska menningu að fólk segi af sér ef það gerir glappaskot. Þetta er mat formanns Gagnsæis – samtaka gegn spillingu. Hann segir einnig unnt að heimfæra háttalag umhverfis- og auðlindaráðherra undir bæði siðareglur ráðherra og þingmanna.

Í Fréttablaðinu í gær var rætt við Helga Bernódusson, skrifstofustjóra Alþingis, um mynd sem birtist af Björt Ólafsdóttur í kjól frá tískufyrirtækinu Galvan. Myndin birtist á Instagram-síðum Bjartar og Galvan en var fjarlægð af síðu fyrirtækisins í gær. Í máli Helga kom fram að myndin væri óvenjuleg en strangt til tekið ekki brot á reglum.

„Ég sýndi dómgreinarleysi með því að flögra um þingsalinn stolt af þeirri hönnun sem ég stóð í og stolt yfir að vera kona í því hlutverki sem ég er og að leyfa mér að upphefja kvenleikann inni í þingsal sem svo ljósmyndari festi á filmu. Þau skilaboð eru fólki greinilega ekki efst í huga og þessi uppsetning því vanhugsuð því hún tengir við einkafyrirtæki,“ sagði Björt á Facebook í gær. Hún baðst afsökunar á því að hafa misboðið fólki með myndinni. Þá tók hún fram að hún hefði keypt kjólinn sjálf.

„Það er frekar augljóst að það eru nokkrar reglur í siðareglum alþingismanna og ráðherra sem hægt væri að benda á að þetta stangist við,“ segir Jón Ólafsson, formaður Gagnsæis. Jón fór einnig fyrir nefnd sem hélt utan um gerð siðareglnanna.

Jón bendir á að hingað til, þegar mál áþekk þessu hafa komið upp,



Björt baðst í gær afsökunar á dómgreindarleysi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ekki hugsað sem auglýsing

„Þegar við Björt Ólafsdóttir vinkona mín og ráðherra létum taka af henni myndir í einum af kjólunum okkar í salarkynnum Alþingis var hugmyndin aldrei sú að nota þær til þess að selja kjóla út í hinum stóra heimi vegna þess að þrátt fyrir ótrúlega mikla verðleika hefur hún líklega ekki það til að bera sem selur kjóla utan Íslands sem er ekki á markaðssvæði GalvanLondon,“ segir í yfirlýsingu frá Sólveigu Káradóttur, hönnuði kjólsins.

„Hugmyndin var að sýna heiminum íslenska konu sem sameinar það að vera ung og falleg og glæsileg og sterk og gáfuð og kjarkmikil, sýna heiminum konu sem hefur sýnt langt nef þeim karlrembukúltúr sem ríður röftum í íslenskum stjórnmálum. Hugmyndin var sú að nota GalvanLondon til þess að þjóna íslenskum konum, ekki íslenska konu til þess að þjóna GalvanLondon, með því að sýna heiminum hvernig íslenskar konur geta risið til valda í okkar kyrkingslegu stjórnmálum þrátt fyrir æsku og fegurð.“

**Ráðherra getur ekki leyft sér að hjálpa vinum sínum með störfum sínum sem ráðherra. Þarna er þingmaður og ráðherra að láta taka mynd af sér í þingsalnum til að hjálpa ákveðnum aðila.**

Jón Ólafsson, formaður Gagnsæis



hafi viðbrögð embættismanna verið léttvæg. Hann nefnir einnig að þegar slík mál koma upp í nágrannalöndum okkar nægi klaufagangur sem þessi til afsagnar.

„Grundvallarspurningin er: Hvers á almenningur að vænta frá kjörnum fulltrúum? Það er sama hvað ráðherra eða þingmaður gerir, fólk verður alltaf að hafa í huga að það sé ekki að hygla einhverjum sérstökum. Það verður að tryggja að enginn geti sakað það um að það starfi fyrir einhvern annan en almenning. Þetta er grundvallarprinsipp,“ segir Jón.

„Ráðherra getur ekki leyft sér að hjálpa vinum sínum með störfum sínum sem ráðherra. Þarna er þingmaður og ráðherra að láta taka mynd af sér í þingsalnum til að hjálpa ákveðnum aðila,“ segir Jón.

johannoli@frettabladid.is




STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir ýmsar gerðir af ferðatækjum, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.
Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 172194




Með hinum glæsilega Avensis tryggir þú mikilvægustu farþegunum meira rými til að njóta og aksturinn verður langtum ljúfari – svo mjög að undir stýri hans eru gæðastundir alltaf bara rétt handan við hornið.

Líttu við og mátaðu þig og þína við Avensis með reynsluakstri. Núna er tíminn.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI.



www.bilaland.is




BMW 120d Xdrive
Nýskr. 08/16, ekinn 8 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.790 þús. kr.




NISSAN Qashqai Acenta 4WD
Nýskr. 05/16, ekinn 52 þ.km, dísil, 6 gírar.

VERÐ 3.390 þús. kr.




VW Up! E-UP
Nýskr. 01/16, ekinn 23 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur, 1 gír.

VERÐ 2.290 þús. kr.




RENAULT Kadjar ZEN 4WD
Nýskr. 09/16, ekinn 72 þ.km, dísil, 6 gírar.

VERÐ 2.990 þús. kr.




NISSAN Leaf Acenta
Nýskr. 08/14, ekinn 38 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ 2.690 þús. kr.




KIA Ceed EX Wagon
Nýskr. 05/14, ekinn 85 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.

VERÐ 2.590 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM83255




## Gættu sendiráðs Íraka í Kabúl



Afganskar öryggissveitir gættu í gær vegarins að íraska sendiráðinu í Kabúl. Það gerðu sveitirnar eftir sjálfsmorðssprengjuárás liðsmanns Íslamska ríkisins fyrir utan sendiráðið fyrr um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Rússar auka eftirlit með þorsklifur frá Akranesi

**Þungmálmurinn kadmíum fannst yfir leyfilegum mörkum rússnesku matvælastofnunarinnar í niðursoðinni þorsklifur frá Akraborg. Eftirlit með vörum fyrirtækisins í Rússlandi var aukið um miðjan júlí en Matvælastofnun (MAST) á eftir að greina niðurstöðurnar.**



Hjá Akraborg starfa tæplega 40 manns og nemur heildarframleiðslan um ellefu milljónum dósa á ári. MAST mun nú greina niðurstöður frá Rússlandi.

**SJÁVARÚTVEGUR** Rússneska matvælastofnunin hefur aukið eftirlit sitt með innflutningi á framleiðsluvörum niðursuðuverksmiðjunnar Akraborgar á Akranesi. Ástæðan er sú að eitraði þungmálmurinn kadmíum fannst yfir leyfilegum mörkum í niðursoðinni íslenskri þorsklifur sem fyrirtækið seldi til Rússlands.

Eftirlit með vörum Akraborgar var aukið þann 18. júlí síðastliðinn. Samkvæmt tilkynningu á vef rússnesku stofnunarinnar voru þrjú sýni tekin. Fyrirtækið, sem er í eigu Lýsis og er stærsti framleiðandi á niðursoðinni þorsklifur í heiminum, megi enn flytja vörur til Rússlands en með því skilyrði að sýni séu tekin úr öllum sendingum. Um tíu prósent af framleiðslu Akraborgar, rúmlega milljón dósir af lifur á ári, fara til Tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans og sér matvælastofnunin rússneska um eftirlit fyrir ríkin þrjú.

„Samkvæmt því sem ég hef séð hefur þetta eitthvað með magn kadmíums að gera. Við erum að bíða eftir frekari upplýsingum,“ segir Rolf Hákon Arnarson, framkvæmdastjóri Akraborgar, í samtali við Fréttablaðið.

> Samkvæmt því sem ég hef séð hefur þetta eitthvað með magn kadmíums að gera.
>
> Rolf Hákon Arnarson, framkvæmdastjóri Akraborgar



„Hér eru sumarfrí og við höfum því ekki náð að skoða þetta neitt frekar. Þetta er að öllum líkindum vegna einhverra snefilmælinga en það er misjafnt hvernig þetta er mælt á milli landa og hvaða útkoma kemur út úr því,“ segir Rolf.

Þorvaldur Þórðarson, framkvæmdastjóri markaðsstofu Matvælastofnunar (MAST), staðfestir að stofnuninni hafi borist erindi frá Rússlandi vegna Akraborgar. Í því komi ekkert nýtt fram umfram tilkynninguna á vef rússnesku systurstofnunarinnar.

„Þetta snýst um að þeir greina kadmíum í afurðum frá þeim. Það eru ákveðin mörk fyrir því og þetta mál er til skoðunar hjá okkur og við reynum að meta hvernig þetta lítur út,“ segir Þorvaldur. Aðspurður segir hann ekki ákveðið hvort starfsmenn Matvælastofnunar verði sendir í eftirlitsferð og sýni tekin úr vörum Akraborgar hér á landi.

„Við munum greina niðurstöður rannsóknanna frá Rússlandi og miða þær við þau mörk sem við vinnum eftir. Svo munum við bregðast við eftir því hvernig niðurstaðan verður úr þeirri skoðun okkar.“

haraldur@frettabladid.is






HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Sigríður Andersen innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vísað aftur heim í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands sneri við að hluta dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær í málum tveggja umsækjenda um dómarastöður við Landsrétt gegn íslenska ríkinu. Ástráður Haraldsson og Jóhannes Rúnar Jóhannsson voru tveir af þeim fimmtán sem hæfnisnefnd lagði til að skipaðir yrðu dómarar við Landsrétt. Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra gerði fjórar breytingar á listanum sem urðu til þess að Ástráður féll út af listanum. Jóhannes og Ástráður stefndu dómsmálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins og kröfðust ógildingar á ákvörðun ráðherrans og viðurkenningu á bótakröfu.

**» Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra gerði á sínum tíma fjórar breytingar á listanum.**

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði málum þeirra frá í maí og kvað Hæstiréttur upp dóm sinn í dag. Hann staðfesti ákvörðun héraðsdóms um að vísa ógildingarkröfu þeirra frá dómi.

Þá ákvað Hæstiréttur að taka ætti skaðabótakröfu þeirra til efnislegrar meðferðar í héraði. Henni var vísað frá í héraði þar sem hún þótti vanreifuð og af því að gögn vantaði til að hægt væri að sanna tjónið. Hæstiréttur benti á að gagnaöflun hefði ekki verið lokið og því ekki rétt að vísa kröfunni frá. Henni var því vísað aftur heim í hérað. – hh

# Sjónvarps- og útvarpssendar á Vatnsenda tryggja fjölbreytni

Óvissa er um framtíð útvarps- og sjónvarpssenda á Vatnsendahvarfi og Úlfarsfelli, segir Póst- og fjarskiptastofnun, og kallar eftir samstarfi stjórnvalda og fyrirtækja til að tryggja almenningi fjölbreyttar og öruggar útvarps- og sjónvarpsútsendingar. Alls 20 sjónvarpsdagskrár sendar út á UHF-tíðnisviðinu með sendunum.

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun segir þrönga stöðu varðandi valkosti um nothæfa sendastaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu standa í vegi fyrir auknu framboði á slíkri þjónustu fyrir hefðbundin dreifinet.

„Það gæti haft í för með sér verulega röskun á aðgengi að umræddri þjónustu verði ákveðið að leggja niður einhvern af þeim fáu sendastöðum sem eru nú í notkun, til dæmis vegna íbúðabyggðar,“ segir PFS um málið í minnisblaði til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Fram kemur að á höfuðborgarsvæðinu séu sendar út í lofti 23 útvarpsdagskrár á FM-tíðnisviðinu og um 20 sjónvarpsdagskrár á UHF-tíðnisviðinu. Helstu sendastaðir fyrir hljóðvarp séu nú á Vatnsendahvarfi og á Úlfarsfelli og að á Vatnsendahvarfi séu einnig sjónvarpssendar. Á báðum stöðum sé nokkur fjöldi kraftmikilla senda með góðri útbreiðslu á mestöllu höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sé óvissa um framtíð sendastaðanna tveggja.

„Íbúðabyggð hefur með árunum færst nær og samkvæmt nýlegum fréttum hefur Kópavogsbær í hyggju að fjölga íbúðarhúsalóðum á svæðinu,“ segir um stöðuna í Vatnsendahvarfi. „Ekki hefur komið skýrt fram hvaða afleiðingar það mun hafa varðandi sendaaðstöðuna á hæðinni, en sennilegt er að æskilegt verði talið að sendarnir víki. Á Úlfarsfelli er Vodafone með sendaaðstöðu en hún er bráðabirgðaheimild og ekki hefur fengist varanleg heimild frá Reykjavíkurborg sem tryggir aðstöðu á fjallinu til framtíðar.“

PFS bendir á að ef útsendingakerfi verði byggt upp með smærri sendum á lægri stöðum inni í byggð verði meira um skuggasvæði og að þurfi geti að nota fleiri en eina senditíðni á hverja dagskrá.

„Slíkt leiðir til óskilvirkrar nýtingar á tíðnirófinu og dregur úr mögulegum fjölda dagskráa á svæðinu. Þetta gæti enn fremur haft í för með sér að beita verði flóknari og dýrari aðferðum við útsendingar sem smærri útvarpsstöðvar ráða hugsanlega ekki við. Þannig gæti skortur á góðum sendastöðum á endanum dregið úr fjölbreytni á hljóðvarpsmarkaðnum og öryggi útsendinga,“ er varað við í minnisblaðinu.

Þá er bent á að flutningur sjónvarpssenda gæti haft í för með sér rask fyrir tugi þúsunda heimila þar sem UHF-móttökuloftnet eru stefnuvirk og í mörgum tilfellum þarf að breyta stefnu þeirra komi til flutnings. Lausn til framtíðar er sögð geta verið flókin og þurfa aðkomu margra. Heppilegir sendastaðir geti fallið undir skipulagsvald fleiri en eins sveitarfélags. „Mismunandi leiðir geta komið til skoðunar, til dæmis að staðsetja senda á fjallstoppum og/eða byggja stór fjarskiptamöstur,“ segir PFS sem kveður nauðsynlegt að þeir, sem málið varðar, jafnt fyrirtæki sem stjórnvöld, skoði málið „heildstætt og freisti þess að ná saman um skipulagningu sendistaða á höfuðborgarsvæðinu sem gætu tryggt almenningi fjölbreyttar og öruggar hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar á svæðinu.“

gar@frettabladid.is



Póst- og fjarskiptastofnun segir sennilegt að útvarps- og sjónvarpssendar þurfi að víkja úr Vatnsendahvarfi vegna áforma Kópavogsbæjar um fjölgun íbúðarhúsalóða á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

> **Þannig gæti skortur á góðum sendistöðum á endanum dregið úr fjölbreytni á hljóðvarpsmarkaðnum og öryggi útsendinga.**
>
> Úr minnisblaði Póst- og fjarskiptastofnunar


**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki.**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs.
Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.
**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2017.**
**Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajokuls.is.**





# Íhuga bílagjald og takmörk á aðgang að Landmannalaugum vegna aukins álags

**UMHVERFISMÁL** Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra segir að takmarka gæti þurft aðgengi að Landmannalaugum.

„Rangárþing ytra ætlar að skoða það í samvinnu við aðrar stofnanir á svæðinu hvort tekið verði upp bílastæðagjald og möguleika á að sekta þá sem leggja ekki innan bílastæðis,“ segir skipulagsnefndin í svari við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna skipulagsvinnu fyrir svæðið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að Landmannalaugur hafi verið á válista Umhverfisstofnunar um árabil. „Telur embættið ekki raunhæft að miða fyrirhugaða uppbyggingu einungis við að mæta þörfum þess fjölda ferðamanna sem heimsækir svæðið í dag, en taka ekki tillit til mögulegrar þróunar í fjölda ferðamanna og aukinnar ásóknar til framtíðar litið.“

Skipulagsnefndin svarar að markmiðið sé að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotins náttúrusvæðis og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki þess.

„Tilgangurinn með þessum fyrirhuguðu framkvæmdum innan Landmannalaugasvæðisins er að skapa aðstæður sem draga úr álagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu,“ segir nefndin. Niðurstaðan úr samræðum við hagsmunaðila og stofnanir sem tengist Landmannalaugum sé að hófleg fjölgun í ferðamennsku sé best.

„Þó gera skipulagsáætlanir ráð fyrir að gistiplássum fjölgi um 42 í skálum, 200 tjöldum og þegar svæðið allt verður fullbyggt er gert ráð fyrir 210 stæðum fyrir einkabíla, 30 rútustæðum og fyrir stóra bíla og 50 stæðum fyrir húsbíla en nokkrar athugasemdir hafa komið um að gert sé ráð fyrir of mörgum bílastæðum. – gar



Um 130 þúsund heimsækja Landmannalaugar árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Tilgangurinn með þessum fyrirhuguðu framkvæmdum innan Landmannalaugasvæðisins er að skapa aðstæður sem draga úr álagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu.**
>
> Byggðaráð Rangárþings ytra

CITROËN




# NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Innbyggð myndavél, ConnectedCam™**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ

**1.970.000 KR.**

C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

International engine of the year awards 2017

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Lokað á laugardögum í sumar.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Scaramucci rekinn eftir 10 viðburðaríka daga

**BANDARÍKIN** Anthony Scaramucci, samskiptastjóri Hvíta hússins, var rekinn í gær eftir aðeins tíu daga í starfi. Í yfirlýsingu frá Hvíta húsinu segir að Scaramucci hafi fundist best að stíga til hliðar til að gefa John Kelly, starfsmannastjóra Hvíta hússins, starfsfrið til að byrja frá grunni og byggja upp sitt eigið lið.

Kelly var ofboðið eftir frægt viðtal Scaramucci við The New Yorker sem vakti heimsathygli. Þar sagði hann meðal annars Reince Priebus, þáverandi starfsmannastjóra Hvíta hússins, hafa „reðurteppt“ sig og að hann væri sjálfur ekki eins og Stephen Bannon, aðalráðgjafi forsetans, sem væri að reyna að „sjúga á sér eigin lim“.

Scaramucci var aðeins í tíu daga í starfi en á þeim dögum tókst honum að komast í heimsfréttirnar fyrir ýmsar sakir. Hann skildi við eiginkonu sína til þriggja ára, Deirdre Ball, hann fór með Donald Trump til Vestur-Virginíu í stað þess að vera viðstaddur fæðingu sonar þeirra og nýlega komst upp að hann hefði borgað 100 þúsund Bandaríkjadali fyrir að fá að leika í kvikmyndinni Wall Street 2.

Ekki er ljóst hvort Scaramucci haldi áfram störfum í Hvíta húsinu eða segi algerlega skilið við stjórn Trumps. Ráðning hans olli gríðarlegum titringi innan veggja Hvíta hússins og sagði Sean Spicer, þáverandi blaðafulltrúi, af sér þegar Donald Trump ákvað að ráða hann.

Í yfirlýsingu Hvíta hússins er Scaramucci óskað velfarnaðar í framtíðinni. **– bb**



**Það tók Anthony Scaramucci aðeins tíu daga að koma sér í slík vandræði að Donald Trump sá engan annan kost en að láta hann fara.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Uhuru Kenyatta á kosningafundi í Naíróbí í Kenía.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Óttast óeirðir í kjölfar allsherjarkosninga í Kenía

**KENÍA** Kosningar fara fram í Kenía eftir slétta viku. Augu heimsbyggðarinnar beinast að landinu vegna þeirra en óttast er að átök brjótist út í kjölfar kosninganna. Slíkt gerðist síðast fyrir tíu árum en rúmlega þúsund manns týndu lífi í átökunum.

Í Kenía velja íbúar sér samtímis forseta, varaforseta og þing auk þess sem kosið er um ýmis embætti landsins. Forseti landsins, Uhuru Kenyatta, sækist eftir endurkjöri en hans helsti andstæðingur er Raila Odinga. Sitjandi forseti hefur sakað mótframbjóðanda sinn um að reyna að koma af stað vargöld í landinu en Odinga sakar forsetann um að ætla að hagræða úrslitunum. Odinga sakaði Kenyatta um að hafa átt við kosningakerfið í kosningunum árið 2013 en þeim ásökunum var hafnað af dómstólum landsins.

Naíróbí, höfuðborg landsins, er næststærsta viðskiptaborg Austur-Afríku á eftir Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu. Erlendir fjárfestar eiga mikilla hagsmuna að gæta í landinu en þeir hafa dælt peningum í banka, ferðaþjónustu og fjarskiptageira landsins. Þeir bíða nú milli vonar og ótta enda líklegt talið að óeirðir brjótist út.

**» Erlendir fjárfestar eiga mikilla hagsmuna að gæta í landinu en þeir hafa dælt peningum í banka, ferðaþjónustu og fjarskiptageira landsins.**

Í gær bárust fregnir af því að yfirmaður í kosningastjórn landsins hefði fundist myrtur fyrir utan Naíróbí. Chris Msando hafði gegnt lykilhlutverki í að hanna rafrænt kosningakerfi sem verður notað í kosningunum til að koma í veg fyrir kosningasvindl.

Óeirðir brutust út í landinu í árslok 2007 eftir umdeildar kosningar. Bardagar stóðu yfir í tvo mánuði. Yfir þúsund létust og talið er að allt að hálf milljón hafi flúið heimili sín. **– jóe**




# Lýsa áhyggjum af stöðu lýðræðisins í Venesúela

**Forseti Venesúela lýsti í gær yfir sigri í umdeildum kosningum til nýs stjórnlagaþings. Stjórnarandstæðingar neita að viðurkenna úrslit kosninganna. Alþjóðasamfélagið lýsir yfir áhyggjum af versnandi stöðu lýðræðisins í Venesúela.**

**VENESÚELA** Nicolas Maduro, forseti Venesúela, lýsti í gær yfir sigri í kosningum til nýs stjórnlagaþings sem alþjóðasamfélagið og fjölmargir Venesúelabúar hafa sagt að sé meiriháttar aðför að mannréttindum og lýðræði í landinu.

Stjórnarandstæðingar í Venesúela hvöttu í gær íbúa landsins til þess að fjölmenna út á götur og mótmæla niðurstöðum kosninganna sem haldnar voru á sunnudag. Sigur Maduros í kosningunum gerir það að verkum að ríkisstjórn hans mun, að öðru óbreyttu, geta skipað nýtt 545 manna stjórnlagaþing sem mun koma í stað núverandi þings sem stjórnarandstæðingar stýra.

Nýja stjórnlagaþingið mun fá umboð til að skrifa stjórnarskrá landsins upp á nýtt.

Maduro sagði í ávarpi til venesúelsku þjóðarinnar í gær að stjórnlagaþingið myndi stuðla að auknum friði í landinu í kjölfar mikilla átaka og óeirða á undanförnum mánuðum og árum.

Andstæðingar stjórnar Maduros sniðgengu hins vegar kosningarnar og hvöttu landsmenn til að gera slíkt hið sama. Þeir sögðu að það eina sem Maduro hefði í huga væri að nota stjórnlagaþingið sem átyllu til þess að auka völd sín.

Bandaríska utanríkisráðuneytið fordæmdi kosningarnar og sagði í sérstakri yfirlýsingu að þeim væri aðeins ætlað að „leysa af hólmi þing réttkjörinna fulltrúa og grafa undan rétti Venesúelabúa til þess að ráða yfir sér sjálfum“.

Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, tók enn sterkar til orða og sagði kosningarnar enn eitt skref Maduros í einræðisátt.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýsti jafnframt yfir áhyggjum sínum af niðurstöðum kosninganna. „Atburðir síðustu daga hafa aukið áhyggjur Evrópusambandsins af því að lýðræði í Venesúela fari hnignandi,“ sagði Mina Andreeva, talskona framkvæmdastjórnarinnar, í samtali við fjölmiðla í gærmorgun. Hún bætti við að framkvæmdastjórnin gæti ómögulega viðurkennt úrslit kosninganna. Stjórnlagaþingið væri auk þess ekki til þess fallið að leysa þann mikla samfélagslega og pólitíska vanda sem við væri að etja í landinu.

„Það er mikill sorgardagur fyrir lýðræði í Venesúela, Suður-Ameríku og í heiminum öllum þegar alþjóðasamningar, stjórnarskrá landsins og það sem skiptir mestu máli, vilji fólksins, er allt saman virt að vettugi,“ sagði Antonio Tajani, forseti Evrópuþingsins.

Hörð og mikil mótmæli geisuðu vítt og breitt um Venesúela alla helgina. Létu tíu manns lífið í átökum á kosningadag, þar á meðal tvö ungmenni og einn hermaður.



**Nicolas Maduro, forseti Venesúela, fagnaði sigri í kosningum til stjórnlagaþings um helgina. Alþjóðasamfélagið gagnrýnir úrslitin harðlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Þetta er mikill sorgardagur fyrir lýðræði í Venesúela, Suður-Ameríku og í heiminum öllum.**

Antonio Tajani, forseti Evrópuþingsins



Kosningastjórnin tók fram að yfir átta milljónir manna, eða um 41,53 prósent þeirra sem hefðu kosningarétt, hefðu greitt atkvæði á sunnudaginn. Maduro fullyrti að það væri „mesta kosningaþátttaka í sögu byltingarinnar“ og átti þá við þau átján ár sem liðin eru síðan forveri hans, Hugo Chavez, komst fyrst til valda árið 1999.

Stjórnarandstæðingar hafa hins vegar dregið fullyrðingu kosningastjórnarinnar í efa. Þannig sagði leiðtogi þeirra, Henrique Capriles, að kosningaþátttakan hefði verið minni en fimmtán prósent. Fjölmiðlar hafa auk þess bent á að afar tómlegt hafi verið um að litast á flestum kjörstöðum mest allan daginn.

Samkvæmt skoðanakönnunum kenna um 86 prósent Venesúelabúa ríkisstjórn Maduros um ástandið sem ríkt hefur í landinu undanfarin ár. Skortur er á meira en áttatíu prósentum af öllum helstu nauðsynjavörum, þar á meðal matvælum og lyfjum, og hefur skorturinn líkast til sjaldan verið eins mikill og alvarlegur. Er efnahagur landsins sagður í molum.

Maduro hefur hins vegar statt og stöðugt haldið því fram að voldug fyrirtæki séu, með hjálp Bandaríkjastjórnar, í efnahagslegu stríði við landið. Auk þess megi rekja ástandið að hluta til lágs olíuverðs, en olía er helsta útflutningsvara Venesúela.

kristinningi@frettabladid.is

# ÚTSALA!



49”
ULTRA HD
50Hz skjár
Wi Fi
Bluetooth
TIZEN
QC QUAD CORE
NETFLIX

ÁRGERÐ 2017

21% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 139.995

**109.995**

EÐA 9.877 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 118.525 KR. - ÁHK 15,8%

SAMSUNG

**SNJALLSJÓNVARP UHD HDR**

- 49” Samsung snjallsjónvarp með 1600 PQI myndvinnslu
- Frábær myndgæði umlukin smekklegum silfurlituðum ramma

UE49MU6475XXC

SJÁÐU ALLAR VÖRURNAR Á ELKO.IS




40% AFSLÁTTUR

SONY

**HEYRNARTÓL**

- Viðnám (ohm) 32
- Tíðni (Hz) 5-28000
- Hljóðstyrkur (dB) 105

MDREX15APBC/ MDREX15APW

VERÐ ÁÐUR 2.495

**1.495**

MEÐ ADDWASH OG 15 MÍN. HRAÐKERFI

17% AFSLÁTTUR




**ÞVOTTAVÉL**

- 63 L mjúktromla sem fer vel með þvottinn
- AddWash, hægt að bæta við þvotti eftirá
- Digital Inverter mótor með 10 ára ábyrgð
- ECO tromluhreinsikerfi og SmartCheck

A+++ Orkuflokkur | 7 Kg | 1400 Snúninga

WW70K4420YW

VERÐ ÁÐUR 59.995

**49.995**

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN

# Næsta skref



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Börnin eru framtíðin, segja stjórnmálamenn á tyllidögum og bæta svo einhverju við um að þess vegna verðum við að gera vel við þau, sjá þeim fyrir góðu atlæti og menntun því lengi býr að fyrstu gerð. Síðan er einhverjum krökkum klappað á kollinn og málið er dautt. Samt er þetta í sjálfu sér alveg rétt og tæpast efast nokkur sála um mikilvægi góðrar menntunar fyrir yngri kynslóðirnar ef Íslandi á að farnast vel í framtíðinni.

Það breytir því ekki að sumar eftir sumar stendur fjöldi leikskóla frammi fyrir því að ná ekki að manna kennarastöður og svo kemur sama vandamálið í umræðuna skömmu síðar varðandi grunnskólana. Ástæðan er alltaf að þessi störf eru svo illa launuð að hæfir og menntaðir einstaklingar sjá sér ekki annað fært en að leita annað eftir lifibrauði. Kannski að ferðast um landið með túrista og uppfræða þá um land og þjóð eða hvað annað sem er líklegra til þess að duga betur til mannsæmandi framfærslu en kennsla.

Eins og staðan er núna þá eru til að mynda leikskólar í bæði Reykjavík og Kópavogi í vandræðum með að manna stöður. Skýringin er alla jafna sú að leikskólar eru ekki samkeppnishæfir hvað varðar kaup og kjör og það þrátt fyrir að leikskólakennari eigi að baki fimm ára háskólanám. Það kostar umtalsverða peninga að stunda háskólanám í fimm ár, jafnvel þó svo námið sjálft sé ekki endilega dýrt, einfaldlega vegna þess að námslán eru dýr og mikið álag fylgir því að stunda vinnu samhliða náminu. Það er því ekki ólíklegt að þegar loks kemur að útskrift sé fjárhagsleg staða viðkomandi með þeim hætti að starf leikskólakennarans er ekki lengur inni í myndinni.

Þetta er auðvitað synd fyrir viðkomandi einstaklinga en þó ekki síður fyrir börnin og samfélagið. Þó svo sveitarfélögum og leikskólum takist að endingu að manna flestar stöður og halda starfseminni gangandi, börnin fái pláss og foreldrarnir komist í vinnuna, þá þýðir það ekki að vandamálið sé á bak og burt. Langt frá því, það er viðvarandi og landlægt. Leikskólarnir eru á forsjá sveitarfélaganna og kjaramál starfsfólksins þar með en þetta er engu að síður vandi sem ríkisvaldið getur ekki firrt sig allri ábyrgð á því það er þess að mennta kennarana.

Markmiðið hlýtur að vera að byggja hér upp betra menntakerfi en við búum við í dag svo þjóðin þurfi ekki að fá létt taugaáfall í hvert sinn sem PISA-rannsóknin er birt. Ef sá fjarlægi draumur á að ganga eftir, að við förum að bæta okkur svo um munar í þessum efnum, þá hljótum við að þurfa að byrja frá grunni. Byrja á því að huga að menntun yngsta stigsins og sinna því af fagmennsku og vandvirkni. Til þess þurfum við vel menntaða og hæfa leikskólakennara í allar stöður og ef það á að ganga eftir þurfum við að borga þeim laun í samræmi við menntun þeirra og framlag. Að lengja nám leikskólakennara var á sínum tíma fyrsta skrefið í þessari vegferð en ef því er ekki fylgt eftir með næstu skrefum, kjarabótum og samræmingu á milli allra sveitarfélaga, þá verður engin breyting til batnaðar. Þetta kallar á vinnu allra sem að málinu koma og viðhorfsbreytingu samfélags sem trúir því í fullri alvöru að menntun sé málið.

**Markmiðið hlýtur að vera að byggja hér upp betra menntakerfi en við búum við í dag svo þjóðin þurfi ekki að fá létt taugaáfall í hvert sinn sem PISA-rannsóknin er birt.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Feðraveldisspilið**
Björt Ólafsdóttir komst í hann krappan þegar samstarf hennar og GalvanLondon var milli tannanna á fólki í gær. Í fyrstu vildi hún ekki tjá sig um málið en þegar hún gerði það dró hún feðraveldisspilið fram úr spilastokki sínum. Karlar með bindi hefðu sko oft fengið að taka mynd þarna og enginn sagt neitt. Sá spilagaldur var stöngin út þar sem gremja fólks snerist um #ad fnykinn sem fannst af myndinni alla leið til flugfarþega sem áttu leið yfir landið. Aumingja umhverfisráðherrann, þrátt fyrir heiðarlegar tilraunir, sat uppi með svartapéturinn í lok dags.

**Kjólar á þingi**
Glöggur hæstaréttarlögmaður, Sigurður G. Guðjónsson, benti hins vegar á að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem kjóll kemur þingmanni í klandur. Fyrir tæpum tuttugu árum fékk Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og þá forseti Alþingis, lán frá þinginu til að kaupa sér kjól fyrir fund Norðurlandaráðs. Lögmaðurinn bendir réttilega á að mál ráðherrans sé skárra en mál forsetans þar sem kjóll Bjartar var allavega greiddur úr eigin vasa. Því má að segja að vissu leyti sé verið að efna kosningaloforðið minna fúsk að hluta til enda almannaféð ekkert. joli@365.is

# Gerum samfélagið fjölskylduvænna



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Það gengur oft erfiðlega að finna tímana í sólarhringnum til að eyða með fjölskyldu og vinum. Íslendingar hafa löngum talið það mannkosti að vinna mikið og lengi, sem bitnar óhjákvæmilega á gæðastundum með fjölskyldunni. Þótt vinnan sé mikilvæg er nauðsynlegt að finna jafnvægi þarna á milli og gera samfélagið fjölskylduvænna.

BSRB hefur lagt mikla áherslu á þróun í þessa átt á undanförnum árum. Grundvöllurinn fyrir því að byggja upp fjölskylduvænna samfélag er að bæði kynin hafi jöfn tækifæri. Foreldrar eiga að hafa sömu möguleika og skyldur hvort sem er á vinnumarkaði eða heima fyrir.

Mikilvægur þáttur í þessu er að bæta fæðingarorlofið. Íslenska fæðingarorlofskerfið var byggt upp af metnaði en hefur síðan fengið að drabbast niður. Fæðingarorlofskerfið á að virka hvetjandi á báða foreldra til að eyða tíma með nýfæddum börnum sínum á þessum mikilvæga tíma í þroskaferli þeirra. Einnig er mikilvægt að tryggja börnum dagvistun strax þegar orlofi lýkur.

Langur vinnudagur gerir mörgum erfitt fyrir að samþætta fjölskyldulífið og vinnuna. BSRB hefur mótað þá stefnu að stytta vinnuvikuna úr 40 tímum í 36 án þess að laun skerðist. Erlendar rannsóknir benda til þess að hægt sé að stytta vinnutímann án þess að það bitni á afköstum. Bæði Reykjavíkurborg og ríkið standa nú fyrir tilraunaverkefnum með BSRB til að kanna hvernig þetta getur gengið fyrir sig hér á landi.

En fleira þarf til eigi íslenskt samfélag að verða fjölskylduvænna. Bæta þarf samspil atvinnulífsins, skóla og heimilanna með það að markmiði að draga úr árekstrum. Auka þarf réttindi til að vera frá vinnu til að sinna veikum börnum og bjóða upp á sveigjanleg starfslok.

Það er verkefni okkar til langs tíma að gera samfélagið fjölskylduvænna. Þegar lagt er af stað í langferð getur takmarkið virst órafjarri. Þess vegna þarf að vinna jafnt og þétt að þessu markmiði, eitt skref í einu í átt að takmarkinu.

**Langur vinnudagur gerir mörgum erfitt fyrir að samþætta fjölskyldulífið og vinnuna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Kerfisbundið niðurrif



**Kolbrún S. Ingólfsdóttir**
lífeindafræðingur og sagnfræðingur

> **Það er víða pottur brotinn hjá okkur og leitt að þingmenn eru kerfisbundið að eyðileggja starf tveggja kynslóða sem unnu hörðum höndum við að reisa hér upp vestrænt, nútíma samfélag. Þurfum við aðra búsáhaldabyltingu áður en allt hrynur á ný?**

Greinarhöfundur er ellilífeyrisþegi og mín kynslóð og kynslóðin á undan byggðum alla 20. öldina upp innviði samfélagsins. Við komum á almannatryggingakerfi og ýmsum öðrum kerfum til að styðja við þá sem minna máttu sín. Menntun og menningarmál voru í fararbroddi með byggingu grunn- og framhaldsskóla, mennta- og fjölbrautaskóla svo og háskóla. Endurmenntun var komið á fyrir þá sem höfðu hætt námi og fjöldi fólks leitaði þangað til að taka upp þráðinn að nýju.

Sjúkrahús voru byggð og heilsugæslustöðvar voru reistar um allt land. Sundlaugum fjölgaði í Reykjavík og víða um land og komið var upp verkamannabústöðum. Götur voru malbikaðar, hringvegurinn lagður og vatnsföll voru brúuð í meiri mæli en áður og umhverfismál komust á dagskrá.

**Miklu lakari þjónusta en áður**

Nú er svo komið að innviðir samfélagsins eru að hruni komnir og ekki má draga það lengur að taka þar til hendinni og endurreisa það. Gatnakerfið er eins og gatasigti svo að dekk og bílar skemmast og hættur aukast vegna þyngri umferðar í lélegu gatnakerfi. Landspítalinn varð myglu að bráð vegna lélegs viðhalds.

Samdráttur í allri þjónustu við sjúklinga er til háborinnar skammar fyrir okkar ríku þjóð. Rannsóknir sýna að þriðjungur aldraðra þjáist af næringarskorti á Landspítalanum. Það að sjúklingar fái ekki nauðsynleg og nýjustu lyf er hneyksli svo ekki sé meira sagt.

Heilbrigðiskerfið á heima hjá ríkinu og hver sjúklingur er jafndýr hvort sem hann fær þjónustu hjá hinu opinbera eða hjá hinu einkarekna kerfi sem mun geta greitt sér arð en það fyrrnefnda ekki. Hvað veldur þessum mun? Þeir sem eru eldri en 25 ára fá ekki að mennta sig nema á eigin kostnað. Samt hefur þetta fólk oft greitt skatta sem hafa meðal annars farið í að mennta aðra. Það er búið að rústa verkamannabústaðakerfinu og ódýrt húsnæði er ekki í boði lengur. Vegna dráttar í málsmeðferð í dómskerfinu fá fangar afslátt á brotinu þegar kemur að afplánun, sem er einfaldlega hlægilegt.

**Þarf nýja búsáhaldabyltingu?**

Það eru til nægir peningar í þjóðfélaginu og það þarf bara að ná í þá í gegnum skattakerfið okkar. Það var ekkert mál að hrista 4,7 milljarða fram úr erminni þegar kom að því að aðstoða einkarekna gangagerð en erfiðara reynist að greiða fyrir lyf og aðra opinbera skylduþjónustu. Menntakerfið er ekki nema svipur hjá sjón og loforð var gefið um að ábatinn af styttingu náms ætti að fara til skólanna sjálfra. Það var svikið eins og annað. Orðheldni er ekki lengur heiðurssamkomulag en hér áður fyrr dugði oft handaband.

Svikulir stjórnmálamenn eiga ekki að vera venjan heldur eiga þeir að skilja að loforð er loforð. Það þýðir ekki að breyta tungumálinu og allir vita að strax þýðir undireins en ekki á morgun. Almannabætur hafa dregist aftur úr á meðan þingmenn fá hækkun á launum sínum langt umfram aðra og voru langflestir þeirra því hjartanlega sammála. Það er víða pottur brotinn hjá okkur og leitt að þingmenn eru kerfisbundið að eyðileggja starf tveggja kynslóða sem unnu hörðum höndum við að reisa hér upp vestrænt, nútíma samfélag. Þurfum við aðra búsáhaldabyltingu áður en allt hrynur á ný?







**Mitsubishi Pajero Instyle 4x4 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 83 þús. Ásett verð: 5.940.000
Tilboðsverð: 5.340.000



**Mitsubishi Pajero Instyle 4x4 3.2 DID**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 36 þús. Ásett verð: 6.990.000
Tilboðsverð: 6.680.000



**Mitsubishi Outlander Intense 4x4 2.4**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Bensín/ Ekinn 61 þús. Ásett verð: 3.790.000
Tilboðsverð: 3.380.000

得

**NOTAÐIR MITSUBISHI BÍLAR Á 100 ÁRA AFMÆLISTILBOÐI**



**Mitsubishi Outlander Instyle 4x4 7manna 2.2 DID**
Árgerð 2014 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 142 þús. Ásett verð: 3.220.000
Tilboðsverð: 2.670.000



**Mitsubishi Outlander Intense 4x4 2.2 DID**
Árgerð 2011 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 103 þús. Ásett verð: 2.890.000
Tilboðsverð: 2.250.000



**Mitsubishi Outlander Intense 4x4 2.2 DID**
Árgerð 2014 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 26 þús. Ásett verð: 3.950.000
Tilboðsverð: 3.450.000



**Mitsubishi Outlander Intense 4x4 2.0**
Árgerð 2015 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Bensín / Ekinn 56 þús. Ásett verð: 3.890.000
Tilboðsverð: 3.390.000



**Mitsubishi ASX 4x4 2.2 DID**
Árgerð 2016 / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 24 þús. Ásett verð: 3.940.000
Tilboðsverð: 3.590.000



**Mitstubishi Outlander 4x4 2.0 DID**
Árgerð 2008 / Beinskiptur / Fjórhjóladrif
Dísil / Ekinn 150 þús. Ásett verð: 1.390.000
Tilboðsverð: 1.150.000

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# SKÓLATÖLVUR

## 60 GERÐIR OG L



OFFICE 365
ÁRS ÁSKRIFT FYLGIR
AÐ VERÐMÆTI
9.995,-

acer

### 14" SKÓLATÖLVA MEÐ OFFICE 365 Í 1 ÁR !

**FJÓRIR INTEL KJARNAR**

ACE-NXSHXED017

INTEL PENTIUM QUAD CORE
ÖRGJÖRVI OG ALLT AÐ
9 TÍMA RAFHLÖÐUENDINGU

14''
- FJÓRIR INTEL KJARNAR
- INTEL HD 505
- 4GB MINNI
- 64GB

**64.995**



acer

### SKÓLATÖLVA MEÐ SSD Á 54.995 !

**INTEL ÖRGJÖRVI**

ACE-NXGFTED007

MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA,
FULL HD HÁSKERPUSKJÁ OG 128GB SSD Á
ÞESSU ÓTRÚLEGA VERÐI!

15,6''
- INTEL DUAL CORE
- INTEL HD 500
- 4GB MINNI
- 128GB SSD

**54.995**

ASUS

### SPRÆK INTEL I3 Í SKÓLANN

**IPS SKJÁTÆKNI**

ASU-X541UADM842T

ÖFLUGUR INTEL i3 ÖRGJÖRVI,
HRAÐUR 128GB SSD DISKUR OG
15,6'' FULL HD SKJÁR MEÐ IPS

15,6''
- INTEL CORE i3
- INTEL HD 520
- 4GB MINNI
- 128GB



**69.995**



ASUS

### HVÍT MEÐ 256GB SSD

**GLÆSILEG HÖNNUN**

ASU-X540LADM909T

GLÆSILEGA HÖNNUÐ HVÍT
15,6'' FARTÖLVA MEÐ STÓRUM
OG HRÖÐUM 256GB HÖRÐUM DISKI

15,6''
- INTEL DUAL CORE
- INTEL HD 5500
- 4GB MINNI
- 256GB SSD

**79.995**



ASUS

### A8 OG STÓR 512GB SSD

**FRÁBÆR KAUP**

ASU-X540YADM075T

FRÁBÆR KAUP. HRAÐVIRKUR 512GB SSD,
8GB VINNSLUMINNI OG FJÖGURRA KJARNA A8
ÖRGJÖRVI TRYGGJA HRAÐA VINNSLU

15,6''
- QUAD CORE
- RADEON R5
- 8GB MINNI
- 512GB SSD

**89.995**




## VÍRUSVÖRN FYLGIR !

**ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!**

# NAR KOMNAR !

tl.is

## ÆGRA VERÐ

acer PREDATOR

## PREDATOR HELIOS 300




**6GB GTX1060**

ACE-NHQ2BED001

MIKIÐ FYRIR PENINGINN Í ÞESSARI ÖFLUGU LEIKJAFARTÖLVU. INTEL I5 HQ ÖRGJÖRVI, 6GB GTX1060 GRAFÍKKJARNI OG 256GB SSD M.2.

15,6'' IPS
- INTEL I5-7300HQ QUAD-CORE
- NVIDIA GTX1060M
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**189.995**

acer

## ASPIRE VX15 Í TÖLVULEIKINA




**INTEL i5 HQ**

ACE-NHGM2ED036

ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR SVONA VEL BÚNA LEIKJATÖLVU. INTEL I5 HQ ÖRGJÖRVI, 4GB GTX 1050 LEIKJASKJÁKORT OG 256GB M.2 SSD DISKI

15,6''
- INTEL I5-7300HQ QUAD-CORE
- NVIDIA GTX1050M 4GB
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**149.995**




**199.995**

acer

## 17,3" IPS SKJÁR Í LEIKINA OG NETFLIX

**GTX1050 TI**

ACE-NXGPGED001

STÆRRI SKJÁR OG GTX 1050TI FYRIR BETRI LEIKJASPILUN OG FYRIR NETFLIX. QUAD CORE INTEL I5 HQ OG 256GB SSD

17,3''
- INTEL CORE I5
- NVIDIA GTX1050M
- 8GB MINNI
- 256GB SSD




**114.995**

ASUS

## 128GB SSD OG STÓR 1 TB HDD

**GLÆSILEG HÖNNUN**

ASU-F556UADM805T

MJÖG KRAFTMIKILL INTEL I5 ÖRGJÖRVI OG AUKINN HRAÐI MEÐ 128GB SSD DISKI OG 1TB GAGNADISKI. GLÆSILEGA BLÁ OG SILFRUÐ

15,6''
- INTEL CORE I5
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 128GB SSD / 1TB HDD




ASUS

## VINNUHESTUR MEÐ INTEL i7

**ASUS F556UA**

ASU-F556UADM1024T

FARTÖLVA SEM LÆTUR EKKI BÍÐA EFTIR SÉR. INTEL i7, 256GB SSD OG 8GB VINNSLUMINNI. FULL HD SKJÁR OG INTEL HD620 GRAFÍKKJARNI.

15,6''
- INTEL CORE i7
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD




**139.995**

# TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |













# Heimsendaspámenn og afneitunarsinnar



**Einar K. Guðfinnsson**
formaður Landssambands fiskeldisstöðva

Heimsendaspámenn og afneitunarsinnar hafa farið mikinn hér á síðum blaðsins upp á síðkastið í viðleitni sinni til að mótmæla uppbyggingu fiskeldis hér við land. Heimsendaspámenn eru þeir þegar þeir lýsa afleiðingum fiskeldis sem eins konar ragnarökum fyrir lífríkið í hafinu. Og svo birtast þeir sem afneitunarsinnar þegar þeir reyna að færa fyrir því rök að uppbygging fiskeldis verði til ógagns fyrir byggðirnar í landinu.

### Staðbundin áhrif

Helstu deilurnar um uppbyggingu fiskeldis hafa staðið um það hvort fiskeldi hér við land gæti grandað villtum laxastofnum. Það var af þeirri ástæðu sem ákveðið var fyrir meira en áratug að loka langmestum hluta strandlengjunnar fyrir sjókvíaeldi. Fiskeldisfyrirtækin sjálf hafa gripið til sinna ráða til þess að tryggja að laxastofnarnir verði ekki fyrir tjóni af völdum starfsemi sinnar, svo sem með virku eftirliti og besta fáanlega búnaði, sem nú er búið að kveða á um með reglugerð. Og áfram mætti telja. Það er hafið yfir allan vafa að bættur búnaður hefur skilað árangri. Reynslan sem er jafnan ólygnust sýnir það og það hefur líka verið mat vísindastofnana okkar, svo sem Hafrannsóknastofnunar.

> **Og svo langt var gengið á dögunum í fullyrðingunum að því var haldið fram að fiskeldisuppbyggingin skaðaði byggðirnar bókstaflega! Þegar þessi speki barst út um landsins byggðir var hlegið hátt svo undir tók í fjöllunum.**

### Tilhæfulausar dómsdagsspár

Nú hefur það síðan gerst að Hafrannsóknastofnun hefur lagt fram áhættumat sem varpar ákaflega athyglisverðu ljósi á þessa miklu deilu. Í áliti stofnunarinnar segir: „Þrátt fyrir verulega aukið umfang laxeldis spáir líkanið innblöndun (langt undir þröskuldsmörkum) í öllum helstu laxveiðiám landsins (nema Breiðdalsá). Helsta ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er sú að eldissvæðin eru í mikilli fjarlægð frá helstu laxveiðiám og laxeldi er bannað á mjög stórum hluta strandlengjunnar. Í Noregi og Skotlandi eru eldissvæðin hins vegar oft í mikilli nálægð við helstu laxveiðiár og því verða blöndunaráhrifin mun meiri í þessum löndum.“ Áhrifin eru sem sagt staðbundin að mati stofnunarinnar, en ekki almenn, eins og margir hafa þó talið.

Hér er það sem sagt svart á hvítu. Dómsdagsspárnar hafa reynst tilhæfulausar. En þó þetta liggi nú fyrir á grundvelli mats láta þeir sem klifað hafa á þeim, eins og ekkert sé. Enn eru rangfærslurnar reiddar fram eins og ekkert sé, þvert ofan í mat Hafrannsóknastofnunarinnar.

### Fiskeldið eflir byggðirnar

Þegar kemur að byggðaáhrifum fiskeldisins er hið sama uppi á teningnum. Tölurnar tala sínu máli; staðreyndirnar liggja fyrir. Uppbygging fiskeldis hefur eflt byggðir þar sem það er hafið hér á landi. Um það verður ekki deilt og auðvelt að reiða fram talnaleg gögn þar að lútandi. Það er ekki nóg með að fiskeldið skapi bein störf, heldur sýnir reynslan að margfeldisáhrifin af starfseminni eru mjög mikil og margvísleg. Í kjölfar fiskeldisuppbyggingar verða til störf í ferðaþjónustu, nýsköpun, margbreytilegri þjónustu og sprotastarfsemi. Ungt fólk flytur í byggðirnar, skólarnir sem áður voru að dragast upp eru fullsetnir. Tekjur sveitarfélaganna hafa aukist sem hefur gefið færi á nýrri og aukinni þjónustu og lægri gjaldheimtu. Fyrir vikið hafa byggðirnar eflst þar sem fiskeldið er til staðar.

### Hverslu langt er eiginlega hægt að ganga fram í dellumakaríinu?

Þetta er ekki sér íslensk reynsla. Skoðum reynsluna frá Noregi eða Skotlandi. Lítum til Færeyja. Alls staðar er sömu sögu að segja. Þveröfugt við það sem afneitunarsinnarnir íslensku halda fram.

Og svo langt var gengið á dögunum í fullyrðingunum að því var haldið fram að fiskeldisuppbyggingin skaðaði byggðirnar bókstaflega! Þegar þessi speki barst út um landsins byggðir var hlegið hátt svo undir tók í fjöllunum.

– Hversu langt er eiginlega hægt að ganga fram í dellumakaríinu?

# Endurkomutíðnin hæst hjá 6-8 ára



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga

Endurkomutíðni í fangelsi hefur verið Afstöðu hugleikin um margra ára skeið. Fyrst og fremst vegna þess að tilfinning félagsins stangast á við fullyrðingar Fangelsismálastofnunar og ráðamanna en einnig vegna þess að engar rannsóknir hafa verið gerðar á endurkomutíðni í íslensk fangelsi. Og það er tölfræði sem á að vera aðgengileg. Það er eitt helsta mælitæki í fangelsismálum, þannig sjáum við hvort starfið í fangelsum landsins skili árangri.

Þau gögn sem ávallt eru dregin upp á yfirborðið þegar spurt er um endurkomutíðni í íslenskum fangelsum er könnun Norðmannsins Ragnars Kristoffersen sem starfar við norska fangavarðaskólann. Hann fékk sendar upplýsingar frá Noregi, Íslandi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð um það hvernig staðan var árið 2005 og kom skýrsla hans út árið 2010. Engin ástæða er til að draga í efa að það sem þar kom fram sé satt og rétt.

Á dögunum var nýr vefur Stjórnarráðsins kynntur og meðal þess sem finna má á vefnum er fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar en hún felur í sér útlistun á því hvernig markmiðum fjármálastefnu verði náð. Í kaflanum um almanna- og réttaröryggi er eftirfarandi texti um endurkomutíðni:

„Árið 2010 voru birtar niðurstöður samnorrænnar samanburðarrannsóknar á því hvernig föngum vegnar að lokinni afplánun. *Þar kom fram að Ísland er með næstlægstu endurkomutíðni á eftir Noregi.* Endurkomutíðni er reiknuð með tvennum hætti. Annars vegar sem hlutfall þeirra sem fá nýjan dóm innan tilskilins tíma frá lokum afplánunar, upphafi samfélagsþjónustu, eftirlits vegna skilorðsbundins dóms eða rafræns eftirlits og hins vegar sem hlutfall fanga sem hafa áður afplánað refsingu í fangelsi. *Ef skoðaður er hópurinn sem afplánar refsingu með samfélagsþjónustu eða sambærilegum úrræðum er Ísland með bestu útkomuna.* Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að þeir sem eru dæmdir fyrir *kynferðisbrot, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot koma mun sjaldnar aftur* heldur en þeir sem dæmdir hafa verið fyrir *þjófnað og umferðarlagabrot*. Þá kemur fram að þeir sem koma aftur koma yfirleitt ekki inn aftur fyrir sama afbrot.“ (Leturbreytingar eru Afstöðu.)

Eftir að hafa rýnt í skýrsluna er ljóst að setja má umræddan texta fram með eftirfarandi hætti og hann er alveg jafn sannleikanum samkvæmur.

„Árið 2010 voru birtar niðurstöður samnorrænnar samantektar á því hvernig föngum vegnar að lokinni afplánun. *Þar kom fram að Ísland er með hæstu endurkomutíðni í hópi 18-20 ára fanga.* Endurkomutíðni er reiknuð með tvennum hætti. Annars vegar sem hlutfall þeirra sem fá nýjan dóm innan tilskilins tíma frá lokum afplánunar, upphafi samfélagsþjónustu, eftirlits vegna skilorðsbundins dóms eða rafræns eftirlits og hins vegar sem hlutfall fanga sem hafa áður afplánað refsingu í fangelsi. *Ef skoðaður er hópurinn sem afplánar refsingu með samfélagsþjónustu eða sambærilegum úrræðum stendur Ísland sig verst í hópi 18-20 ára og 61 árs og eldri.* Samantektin leiddi m.a. í ljós að þeir sem eru dæmdir fyrir *rán, ofbeldisbrot og umferðarlagabrot koma mun oftar aftur* heldur en þeir sem dæmdir hafa verið fyrir *fíkniefnalagabrot og kynferðisbrot*. Þá kemur fram að þeir sem koma aftur, *á Norðurlöndunum öllum*, koma yfirleitt ekki inn aftur fyrir sama brot.“

> **Ef skoðaður er hópurinn sem afplánar refsingu með samfélagsþjónustu eða sambærilegum úrræðum stendur Ísland sig verst í hópi 18-20 ára og 61 árs og eldri.**

Með þessu vill Afstaða benda á tvennt. Annars vegar að skýrslan frá 2010 dregur ekki upp neina glansmynd af ástandinu í fangelsiskerfinu íslenska og að hafa verður í huga, ef ráðherra ætlar sér að alhæfa út frá skýrslunni, að hópurinn sem hún segir standa verst var 6-8 ára þegar gögnunum var safnað.

Fólk
ÞRIÐJUDAGUR 1. ÁGÚST 2017
Heilsa



Ægir Þór Steinarsson, landsliðsmaður í körfubolta, undirbýr sig þessar vikurnar undir EuroBasket 2017 sem haldið verður í Finnlandi í lok sumars.

heilsa →4



Algeng einkenni ofnæmisbólgu í nefi eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla.

# Glinor nefúði við ofnæmi

Lyfís kynnir Glinor nefúða við ofnæmisbólgu í nefi. Fæst á góðu verði án lyfseðils í næsta apóteki. Með Glinor næst fyrirbyggjandi meðferð áður en ofnæmistímabil hefst. →2



Framhald af forsíðu

Glinor nefúði inniheldur virka efnið natriumcromoglicat, efni sem hindrar losun bólguvaldandi boðefna eins og histamíns," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar."

Algeng einkenni ofnæmisbólgu í nefi eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla.

Glinor er eini nefúðinn með þessu innihaldsefni sem fæst án lyfseðils á Íslandi en LYFIS hefur unnið markvisst að því að auðvelda aðgengi landsmanna að lyfjum sem áður hafa einungis fengist gegn lyfseðli.

Glinor er notað við ofnæmisbólgu í nefi en algeng einkenni hennar eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla. Lyfið er ætlað fyrir fullorðna og börn, allt niður í fjögurra ára aldur. Skammtur fyrir fullorðna og börn er einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. Glinor nefúðinn veldur ekki syfju.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á wwww.serlyfjaskra.is.

Glinor nefúði fæst án lyfseðils í apótekum.

## Einkenni ofnæmisbólgu í nefi

- Hnerri
- Nefrennsli
- Kláði í nefi
- Nefstífla

**Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.**






LYFIS Traust í lyfjum

ratiopharm

**Glinor nefúði við ofnæmi er ætlaður fyrir fullorðna og börn allt niður í fjögurra ára.**

# Desloratadine Ratiopharm við ofnæmi og ofsakláða

Ofnæmislyfið Desloratadine ratiopharm eru litlar bragðgóðar munndreifitöflur sem hægt er að láta leysast upp í munni, tyggja eða kyngja í heilu lagi. Fæst án lyfseðils í apótekum. Verkar allan sólarhringinn.

Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar til við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Lyfið er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag," segir Hákon.

Lyf sem innihalda virka efnið desloratadin, eins og Desloratadine ratiopharm, voru áður eingöngu fáanleg gegn lyfseðli. Mismunandi er milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því geta einstaklingar þurft að prófa sig áfram með hvað hentar þeim.

Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadin talsvert skylt efninu loratadini (innihaldsefni í m.a. Loratadin LYFIS), en loratadin er óvirkt efni sem umbreytist í líkamanum í virka efnið desloratadin. Með desloratadini er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm munndreifitöflur leysast hratt upp í munni og maga.

Desloratadine ratiopharm er fáanlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglingum eldri en 12 ára.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á wwww.serlyfjaskra.is.

**Desloratadine ratiopharm er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða.**




**Desloratadine ratiopharm eru litlar munndreifitöflur sem leysast hratt upp í munni eða maga og má taka inn án þess að drekka með vökva, þó það henti engu að síður líka. Munndreifitöflurnar eru með tutti frutti bragði og innihalda ekki laktósa.**

## Ofnæmiskvef, einkenni

- Hnerri
- Nefrennsli og kláði í nefi
- Kláði í efri gómi
- Kláði í augum
- Rauð eða tárvot augu

## Ofsakláði, einkenni

- Kláði
- Ofsakláði
- Léttir þessara einkenna varir allan sólarhringinn.

LYFIS Traust í lyfjum

ratiopharm

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# ÚTSÖLULOK

# 25-40%

# AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM

CINTAMANI

dress code iceland

snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani_iceland + instagram/ cintamani.iceland

bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is

# Spennandi tímar fram undan

## Ægir Þór Steinarsson, landsliðsmaður í körfubolta, undirbýr sig þessar vikurnar undir EuroBasket 2017 sem haldið verður í Finnlandi í lok sumars. Hann borðar ekki smjör, er sjúklega fyndinn og er hræddur við trúða.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Íslenska landsliðið í körfubolta undirbýr sig þessar vikurnar fyrir lokamót EM, EuroBasket 2017, sem haldið verður í Finnlandi í lok sumars. Liður í þeim undirbúningi voru tveir leikir gegn sterku liði Belga í síðustu viku sem báðir unnust. Einn leikmanna íslenska landsliðsins er bakvörðurinn Ægir Þór Steinarsson sem lék á síðasta tímabili með spænska liðinu San Pablo. Liðið hans vann sér sæti í efstu deild þar í landi fyrr í sumar og því ljóst að spennandi tímar eru fram undan hjá Ægi, fyrst með íslenska landsliðinu og svo í spænsku deildinni næsta vetur sem af flestum er talin sterkasta deild Evrópu.

Lífið á Spáni síðasta vetur fór vel í Ægi sem segist hafa lært heilmikið á dvöl sinni þar, sem um leið hafi gert hann að mörgu leyti að betri manneskju. „Við á Íslandi erum ofboðslega manísk og förum á fullri ferð í kapphlaup lífsins. Spánverjinn forgangsraðar hins vegar rétt að mínu mati. Þeir sinna fjölskyldunni og eyða miklum tíma með sínum nánustu. Það er eitthvað sem mig langar að tileinka mér.“

Utan körfuboltans, sem skipar eðlilega stóran hluta í lífi Ægis, segist hann vera sjúklega fyndinn, óskipulagður og mjög myndarlegur. „Auk þess borða ég ekki smjör, hlusta á J Dilla og er hræddur við trúða. Ég hef aldrei dottið af hestbaki og keypti mitt fyrsta hvíta skópar í vor. Einnig er ég með mikinn tásvepp, er með útstæð eyru og ég á það til að ofnota brandarana mína. NBA-leikmaðurinn fyrrverandi, Steve Nash, er svo í miklu uppáhaldi hjá mér.



„Mig langar að vera með gott hlutverk í liðinu,“ segir Ægir Þór Steinarsson, landsliðsmaður í körfubolta. MYND/VILHELM

**Hvað færðu þér í morgunmat?** Tvær flatkökur með osti, Hleðslu og svo stundum banana. Þessi blanda hefur ekki klikkað í mörg ár.

**Hver er uppáhaldsæfingin þín?** Þeir sem eru mikið í kringum körfubolta ættu að þekkja stinger. Einhverra hluta vegna finnst öllum gaman í stinger og ég er engin undantekning þar.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Það er kannski klisja að segja það en pabbi minn, Steinar Davíðsson, er gamall kokkur og allt sem hann eldar er ofboðslega gott. Við fjölskyldan höfum verið góðu vön á kvöldin þegar gamli setur upp svuntuna.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Það er allur gangur á því, en ég er háður því að fá mér Hleðslu eftir æfingar. Annars finnst mér banani með hnetusmjöri geggjað. Stundum verð ég mjög gráðugur og gúffa í mig nammi eða kökum á milli mála.

**Hvernig slakar þú á milli æfinga og leikja?** Mér finnst geggjað að hanga á kaffihúsum, sérstaklega eftir dvölina á Spáni. Það er mikilvægt að taka góða lögn þegar tími gefst í það.

**Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?** Þá fer ég í einhverja þriggja rétta máltíð. Einveran á Spáni kenndi mér að borða þriggja rétta máltíð með jamón og ostum í forrétt, chuleta kjöt í aðalrétt og natillas í desert.

**Hvernig er dæmigerð helgi?** Síðan ég kom heim hef ég reynt að fara svolítið út úr bænum. Kærastan mín á í sveit heim að sækja þannig að ég hef reynt að fara þangað í slökun í pottinum eða í reiðtúra.

**Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?** Ég hef engin heilsuráð enda virðast engin heilsuráð vera rétt í dag. Ég veit í raun ekkert hvað ég má borða en það eina sem ég veit er hvað fer vel í mig og hvað ekki. Ég fer ekki eftir neinum reglum heldur borða ég bara það sem mig langar að borða.

**Hvernig er andinn í landsliðshópnum fyrir átökin fram undan?** Andinn er alltaf góður í þessum hópi. Þetta er allt öðruvísi stemning en í þeim félagsliðum sem ég hef verið partur af. Vissulega er samkeppni og við erum engir félagar inn á vellinum en um leið og það er búið þá er mikið stuð hjá okkur.



Ægir Þór ásamt kærustu sinni, Heiðrúnu Kristmundsdóttur, í sólinni á Spáni.

**Hver eru persónuleg markmið þín fyrir EuroBasket í sumar?** Fyrsta markmiðið er auðvitað að komast í hópinn en fyrir mér er það ekki nóg. Mig langar að vera með gott hlutverk í liðinu og hjálpa því í að ná góðum úrslitum.

**Gegn hvaða erlendu leikmönnum hlakkar þú mest til að spila á Eurobasket 2017?** De Colo frá Frakklandi hefur verið einn besti leikmaður Evrópu undanfarin ár. Giannis Antetokounmpo, „The Greek Freak“ er auðvitað leikmaðurinn sem við hlökkum mest til að spila á móti. Hann er einn af bestu leikmönnum NBA-deildarinnar í dag þannig að það verður einstakt að spreyta sig á móti honum.

HAUSTVÖRUR



ÚTSALA
50%
afsláttur
Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

BetterYou™

# Túrmerik munnúði

## Sá eini sinnar tegundar í heiminum. Hámarksupptaka þegar úðað er út í kinn.




Túrmerik eða curcumin er í hásæti bólgueyðandi efna úr náttúrunni. Það er það náttúrulega efni sem hefur hvað mest verið rannsakað og benda rannsóknir til að það sé ótrúlega öflugt gegn mörgum orsökum krónískra sjúkdóma.

Natural & Organic Awards Europe 2017
WINNER
Best New Health & Nutrition Product

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana



Sóley segir að það sé ótrúlegt hvað lítil börn geti gert í ungbarnasundinu.




Það er oft mikið fjör á sundnámskeiðunum.



„Ég tel að einn merkasti áfangi sem ég hef náð með nemanda sé ungur einstaklingur sem hafði fengið heilablóðfall og núna, tveimur árum seinna, syndir hann daglega einn kílómetra þrátt fyrir að vera lamaður öðrum megin.“

# Alin upp í sundhöll

**Sóley Einarsdóttir hefur kennt skriðsund í meira en þrjá áratugi. Hún segir það styrkja stoðkerfið, auka þol og auk þess sé vatnið heilandi.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Strax á unga aldri ákvað Sóley Einarsdóttir að verða sundkennari en hún var ekki nema fimm ára þegar hún var orðin flugsynd. „Það má segja að ég sé alin upp í Sundhöllinni í Hafnarfirði. Föðurbróðir minn var sundlaugarvörður og hann kenndi okkur systkinunum að synda svo við vorum öll orðin vel synd áður en við byrjuðum í skóla,“ rifjar Sóley upp en hún lauk íþróttakennaraprófi frá Laugarvatni 1989 og diplóma í ungbarnasundi 1997.

Sóley kennir ungbarnasund, barnasund, vatnsleikfimi og skriðsund en hún hefur starfrækt Sundskóla Sóleyjar um langt skeið. Á meðal nemenda hennar eru börn sem hafa átt erfitt með að læra sund í hefðbundnu skólasundi og fullorðnir einstaklingar sem vilja læra skriðsund eða bæta sundtækni sína. „Í gegnum tíðina hef ég

> Sundleikfimi er góð fyrir alla aldurshópa, ekki síst fyrir þá sem eru byrjaðir að eldast. Lengi vel kenndi ég eldra fólki og sá greinilega hvað sundið gerði því gott.

verið með marga nemendur sem hafa náð ótrúlega góðum tökum á skriðsundi. Ég tel þó að einn merkasti áfangi sem ég hef náð með nemanda sé ungur einstaklingur sem hafði fengið heilablóðfall og núna, tveimur árum seinna, syndir hann daglega einn kílómetra þrátt fyrir að vera lamaður öðrum megin. Ég er líka ánægð með að ég kenndi mömmu minni að synda þegar hún var orðin sjötug. Hún er orðin 84 ára gömul, syndir sína 100-200 metra tvisvar í viku og þetta heldur henni alveg gangandi,“ segir Sóley og stoltið leynir sér ekki.

## Réttu fótatökin

Á skriðsundsnámskeiðunum byrjar Sóley á að kenna fólki að liggja rétt í vatninu en hún segir það afar mikilvægt. „Svo kenni ég nemendum réttu fótatökin og síðan hvernig hendur og öndun tvinnast saman. Ég er með fjögurra vikna námskeið þar sem fólk kemur tvisvar í viku og svo æfir það sig í sundi þess á milli,“ segir Sóley sem mælir með að fólk noti styrkjandi blöðkur í sundinu. „Þannig fæst meiri styrkur í fætur og upp í mjaðmir og bak. Þær eru styttri en venjulegar blöðkur og hannaðar til að auka þennan styrk.“

Innt eftir því hvort Íslendingar séu nógu duglegir að fara í sundlaugarnar til að synda en ekki bara til að slaka á í heitu pottunum segist Sóley telja að svo sé og það hafi breyst til hins betra síðustu tvo áratugina. „Sundleikfimi er góð fyrir alla aldurshópa, ekki síst fyrir þá sem eru byrjaðir að eldast. Lengi vel kenndi ég eldra fólki sundleikfimi og sá því greinilega hvað það gerði því gott. Það voru jafnvel dæmi um að fólk losnaði við að fara í hnéaðgerðir því það náði að styrkja sig svo vel í sundleikfiminni. Sund og sundleikfimi henta flestum vel, það er engin hætta á að slasa sig í sundi og ég tel að vatnið hafi heilunarmátt. Skriðsundið hjálpar fólki sem glímir við hnémeiðsli eða stoðkerfisvandamál, vöðvabólgu í öxlum og eykur einnig þolið sem hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfið,“ segir Sóley sem hlakkar til að hefja sundkennsluna á ný eftir sumarfrí um næstu mánaðamót.

Nánari upplýsingar um sundnámskeiðin má finna á vefsíðunni www.sundskoli.is

Útsalan er hafin

30 – 70% afsláttur

Frábært úrval af buxum á útsölunni.

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

## Bílar & Farartæki

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Einn ódýr í sumarfríið MMC Outlander comfort. Árgerð 2003, ekinn 206 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 550.000.4 nagladekk á felgum fylgja Rnr.151811.



TOYOTA Rav4 hybrid vx 4wd. Árgerð 2017, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 5.990.000.- Ásett verð 6.290.000.- Rnr.151822

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu

Til sölu á 50.000kr, Suzuki Liana, 2002árg, ekin.220. 4x4. Sími:690-6861

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Húsbílar



Ford Transit Rimor húsbíll. Nýskr 30.05.2008. Ek. 84þús. Vél 2.2. 5 gíra. Eyðslugrannur. Hraðastillir. Skoðaður 2018. Bakkmyndavél. Nýleg dekk. Svefnpláss fyrir 4. Tilboð 4.900.000 Uppl. í s. 855 5231

### Fellihýsi



Rockwood fellihýsi, 12 ft, árg 2010. Mjög lítið notað. Verð 1990 þúsund. Uppl í s. 6919988.

### Hjólhýsi



**FENDT OPAL 2017.**
Lítið notað hjólhýsi með 2 rúmum, heitt og kalt vatn, ísskáp, wc og hlaðið lúxus. Eitt vandaðasta hjólhýsið á markaðnum. Tilboðsverð 4,2 mkr. Uppl. síma 862 6519

### Vinnuvélar



JLG Skæralyftur til leigu Rafmagns og Diesel Vinnuhæð upp í 18 metra Uppl í síma 8580400 Sigfús



JLG Spjótlyftur til leigu Árgerð 2017, Vinnuhæð upp í 22 metra Uppl.í s 8580400 Sigfús

### Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

### Garðyrkja

GARÐSLÁTTUR
S. 789 4100

Garðsláttur á höfuðborgarsvæðinu littlir sem stórir garðar. S: 7894100

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890




## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Keypt & Selt

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Vantar hús, raðhús eða annað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu eða sirka 1.klst ökuradíus frá borginni. Mikil greiðslugeta fyrirfram og trygging. Tómas, Sími: 699-6762

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

GINGER

**GINGER Í REYKJAVÍK**
Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í dagvinnu, kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

Day, EVENING AND WEEKEND SHIFTS: Ginger restaurant in Reykjavik seeks employees to work in the day, evening and on weekends. If you are 18 or older and a non-smoker please send your CV to brynja@ginger.is




*Íslenska*
GLAMOUR
*Glæsilegasta tískutímarit landsins*




GLAMOUR fylgir með
*Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is
365

# Sumargræjur eru betri

TEAC



Afritaðu eða spilaðu vínyl-plöturnar og kassetturnar með þessu stórkostlega tæki. CD upptaka og afspilun.

**Verð kr.: 55.900,-**

Pioneer

Hljómtækjastæða



X-EM26-B / Bluetooth stæða / 2x10w

**Verð kr.: 25.900,-**

Pioneer VSX-832-B



Heimabíómagnari 5x130w, Dolby Atmos, Bluetooth

**Verð kr.: 69.900,-**

Pioneer



25% afsláttur

ONKYO TX-SR373-B



Heimabíómagnari 5x135w, Bluetooth

**Verð kr.: 44.900,-**

TEAC TN-100



Hágæða plötuspilari frá TEAC

**Verð kr.: 29.900,-**

Pioneer DEH-1900UB



4x50W - 24 stöðva minni - Gott tæki á góðu verði.

**Verð kr.: 15.900,-**

DIGIHOME



24"

Í húsbílinn eða hjólhýsið

12V tengi fylgir / Með innbyggðum DVD spilara

**Verð kr.: 44.900,-**

Pioneer AVH-X3800dab



Bíltæki: 6,2" WVGA skjár - 4x50W - Bluetooth

**Verð kr.: 69.900,-**

Skullcandy



25% afsláttur



FLEXSMART X2 BLUETOOTH FM SENDIR

**Verð kr.: 8.490,-**

SANGEAN WR-1 silver



Hágæða útvarp með góðum bassahljómi.

**Verð kr.: 17.900,-**



Nintendo Switch: **JOY-CON WHEEL**

**Verð kr.: 2.690,-**



Nintendo Switch: **MarioKart DeLuxe 8**

**Verð kr.: 8.990,-**



Nintendo Switch: **1 2 SWITCH**

**Verð kr.: 7.990,-**



Nintendo Switch: **ARMS**

**Verð kr.: 8.450,-**



Nintendo Switch: **Ultra Street Fighter II**

**Verð kr.: 5.990,-**

Nýr vefur
Netverslun
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




# Er best að unna máli?



**Eva María Jónsdóttir**
kynningarstjóri Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Hárgreiðslustofan Höfuðlausnir er til. Hún leysir áreiðanlega úr ýmsum vanda sem tengist hárinu á höfði viðskiptavinanna. Nafnið eitt og sér fær þó hugann til að reika frekar og rifja upp hvað var það aftur sem hét höfuðlausn hér í árdaga? Var það hárgreiðsla, brella eða kvæði ort til að bjarga lífi? Hver fann upp orðið? Það skiptir kannski litlu máli en mestu skiptir að orðið er til og það er notað.

Hver á orðin og hver á tungumálið sem er samsett úr orðum? Allir sem læra íslensku eignast hlutdeild í tungumálinu og þar með margræðni og stundum misvísandi merkingu orðanna svo langt aftur sem ritheimildir ná til. Orðið höfuðlausn finnst í Ólafs sögu helga sem er varðveitt í handritum allt frá 13. öld. Við vitum því að orðið hefur lifað í að minnsta kosti 800 ár og hugsanlega mun lengur eða frá því að Ólafur helgi var á dögum á 10. öld.

Undanfarin misseri hefur vakið athygli þegar fyrirtæki henda gömlum nöfnum á íslensku fyrir ný á ensku. Einnig hefur verið bent á að enskuslettur séu fyrirferðarmeiri í viðtölum í ljósvakamiðlum en nokkru sinni fyrr. Rætt hefur verið um hvort ferðamenn sem hingað koma eigi ekki heimtingu á að heyra íslensku talaða og jafnvel læra að heilsa og þakka fyrir sig á máli innfæddra? Allar þessar vangaveltur snúast um íslenska tungu og eru birtingarmynd þess að fólki er ekki sama um íslenskuna.

Íslendingar eignuðust opinbera málstefnu í fyrsta sinn fyrir 8 árum en hún var samþykkt af Alþingi vorið 2009. Markmiðið með henni er „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“. Í málstefnunni kemur fram að lagalega mætti búa tryggilegar um tunguna. Lög ná hins vegar ekki yfir það hvernig fólk talar og skrifar enda er ekki víst að lagasetning með tilgreindum refsingum eða sektum sé besta leiðin til að tryggja langlífi tungumáls.

Hver sem kærir sig um getur slett á ensku, dönsku og öðrum málum án þess að gjalda sérstaklega fyrir það. Við getum skrifað færslur á samfélagsmiðla á því máli sem við kjósum helst. Við getum lesið bækur og horft á myndir frá öðrum málsvæðum alla ævi okkar ef við kjósum. Við getum verðmerkt allar vörur í verslunum á útlensku og boðið góðan dag á hvaða máli sem er án þess að gerast sek um lögbrot. En viljum við nýta valfrelsi okkar til að hundsa og ganga illa um okkar eigið mál, dýrmæti sem hefur lifað á þessu landi í meira en 1000 ár?

Í samfélaginu finnast þó nokkrar stofnanir sem bera lagalegar skyldur gagnvart íslenskri tungu og má þar nefna Þjóðleikhúsið, Ríkisútvarpið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sú síðastnefnda hefur á undanförnum misserum opnað bæði Íslenskt orðanet og vefgáttina málið.is, þar sem gagnasöfn og orðabækur um íslenskt mál eru gerð aðgengilegri en nokkru sinni fyrr. Mikil notkun þessara vefja sýnir að margir vilja fræðast og fara vel með málið.

**Ætlum við að taka afstöðu með tungunni og tala, skrifa og hugsa á íslensku? Ætlum við að láta hana duga til alls eða ætlum við að sleppa því að taka afstöðu og sjá hvað setur? Í afstöðuleysinu er í raun fólgin ákveðin afstaða.**

Á meðan fólk með annað móðurmál en íslensku streymir til landsins, til að læra tungumálið og kynnast þeim fornu bókmenntum sem skrifaðar voru á íslensku standa þeir sem hafa íslensku að móðurmáli frammi fyrir því að taka ákvörðun. Ætlum við að taka afstöðu með tungunni og tala, skrifa og hugsa á íslensku? Ætlum við að láta hana duga til alls eða ætlum við að sleppa því að taka afstöðu og sjá hvað setur? Í afstöðuleysinu er í raun fólgin ákveðin afstaða. Tungumálum verður ekki bjargað með lagasetningu, boðum eða bönnum heldur með því að þau séu notuð reglulega og fólki sé annt um þau. Til þess að svo megi verða þarf hvert og eitt okkar að taka meðvitaða ákvörðun um að nota íslenskuna. Sennilega er í því fólgin höfuð lausn þess að íslenskan dafni áfram í sambýli við önnur tungumál heimsins.




# Setja þarf skýrar leikreglur um dagdvalir





**Pétur Magnússon**
formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

**Björn Bjarki Þorsteinsson**
varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Í dag eru á höfuðborgarsvæðinu einu nálega tvö hundruð aldraðir með gilt færni- og heilsufarsmat fyrir hjúkrunarrými. Því miður er stór hluti þeirra fastur í legurými á Landspítalanum vegna þess að heppileg búsetuúrræði vantar. Þessir einstaklingar eru of veikir til að geta búið einir heima og komast heldur ekki á hjúkrunarheimili vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Við sem störfum í velferðarþjónustu við aldraða höfum miklar áhyggjur af ástandinu. Á meðan þjónustuþegum öldrunarþjónustunnar fjölgar um 2% á hverju einasta ári fjölgar ekki viðeigandi úrræðum. Of fá hjúkrunarrými eru byggð og öðrum úrræðum fjölgar lítið. Á meðan hleður ástandið upp á sig með hverju árinu sem líður með miklum óþægindum fyrir aldraða, veika og aðstandendur þeirra, en einnig óþarfa tilkostnaði fyrir ríkissjóð.

Af þessum ástæðum viljum við minna á mikilvægan valkost í þjónustu við aldraða sem stuðlað getur að því að þeir geti búið lengur heima. Það eru dagdvalarrými. Dagdvalarrými eru ætluð einstaklingum 67 ára og eldri en einnig í sértækum tilvikum yngri einstaklingum eða ákveðnum hópum. Þjónustuþegar koma að morgni og fara heim aftur síðdegis og sækja þjónustuna ýmist daglega eða tiltekna daga í viku. Í dagdvölum er lögð áhersla á að efla líkamlega og andlega færni ásamt því að rjúfa félagslega einangrun sem margir á efri árum byrja að finna fyrir.

Aukið framboð og notkun dagdvalarrýma, sem eru í boði í flestum sveitarfélögum landsins og aðallega rekin af sveitarfélögunum, hjúkrunarheimilum eða félagasamtökum, getur bætt lífsgæði verulega og í mörgum tilvikum dregið úr tíðni innlagna á sjúkrahús. Má því segja að þjónusta dagdvalarrýma sé ákveðin forvörn sem viðhaldi heilsu að ákveðnu marki og geri öldruðum kleift að búa lengur á eigin heimili. Samkvæmt nýlegri skýrslu Sjúkratrygginga Íslands voru í árslok 2016 heimildir fyrir 733 dagdvalarrýmum á landinu. Alls nýttu sér 1.884 dagdvalir á síðasta ári og hver og einn þjónustuþegi að meðaltali í 92,4 daga. Um 4,5% landsmanna, 67 ára og eldri, nýtur þjónustu dagdvala og eru flestir 80 ára eða eldri. Þrátt fyrir að öldruðum fjölgi stöðugt hefur dagdvalarrýmum ekki fjölgað í sama mæli frá árinu 2012 þótt bragarbót hafi verið gerð á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári.

Í fyrrgreindri skýrslu Sjúkratrygginga er jafnframt bent á að ekki hafi verið gerð ítarleg greining á þjónustu í dagdvalarrýmum. Engir samningar hafa verið gerðir um þjónustuna og að mati þeirra sem nota og veita þjónustuna eru kröfurnar fremur óskýrar. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) telja að afar mikilvægt sé að skilgreina þjónustuna með gerð kröfulýsingar þannig að öllum sé ljóst hvaða þjónustu dagdvalir eigi nákvæmlega að veita. Einnig verður þá unnt að reikna út sanngjarnt verð fyrir þjónustuna á gegnsæjan og upplýstan hátt en svo er ekki í dag. Lítið hefur þó miðað í þessa átt þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Þó rofaði til um sinn í október 2016 þegar skrifað var undir samkomulag milli SFV, velferðarráðuneytisins, Sjúkratrygginga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stefna skyldi að því að hefja

**Aukið framboð og notkun dagdvalarrýma, sem eru í boði í flestum sveitarfélögum landsins og aðallega rekin af sveitarfélögunum, hjúkrunarheimilum eða félagasamtökum, getur bætt lífsgæði verulega og í mörgum tilvikum dregið úr tíðni innlagna á sjúkrahús.**

þessa vinnu og boða til fyrsta fundar í janúar sl. Síðan hefur reynst árangurslaust að fá boðað til fundarins þrátt fyrir ítrekaðar óskir því samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum hefur stofnunin ekki fengið umboð velferðarráðuneytisins til slíkra viðræðna.

Í rekstri dagdvala eru forföll algeng og í raun eðlilegur þáttur í starfseminni enda heilsa hvers og eins þjónustuþega misjöfn. Það er hins vegar bagalegt að ríkisvaldið greiðir eingöngu fyrir þau rými sem nýtt eru frá degi til dags óháð forföllum og föstum kostnaði rekstraraðila. Þetta er sambærilegt því ef skólar landsins fengju aðeins greitt í samræmi við mætingu nemenda hverju sinni. Misjöfn mæting þjónustuþega í dagdvalir eða nemenda í skóla breytir ekki útgjöldum sem liggja aðallega í föstum kostnaði vegna launa og húsnæðis. Tímabært er að sest verði niður sem fyrst til að komast að samkomulagi sem aðilar geti unað við. Þeim sem þurfa á þjónustu dagdvala að halda mun halda áfram að fjölga. Það er ekki skynsamlegt að halda áfram að stinga höfðinu í sandinn, allra síst þegar ljóst er að þjónusta dagdvalanna hefur í för með sér þjóðhagslegan sparnað en ekki síður aukin lífsgæði þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda sem er jú mikilvægasta atriðið.



BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Whirlpool spansuðu helluborð frá 34.995**
65" LG 4K snjallsjónvörp frá 149.995
**Örbylgjuofnar frá 6.990, allt að 30% afsláttur**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995
**Whirlpool bakaraofnar með blæstri frá 29.995**
Philips kaffivélar sem sjóða vatnið með 25% afslætti
**Barkalausir þurrkarar frá 34.995**
Pottar, pönnur og búsáhöld með 30-50% afslætti
**Panasonic þjófavarna- og myndavélakerfi með 40% afslætti**
Soundbar heimabíó í miklu úrvali frá Philips,
LG og Panasonic. Verð frá 14.995
**Whirlpool stál uppþvottavélar frá 49.995**
Philips ryksugur frá 12.995 - allt að 35% afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

OPIÐ!

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
VIRKA DAGA FRÁ 10-18.

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

## Blikar komnir á sigurbraut



Martin Lund Pedersen skoraði bæði mörk Breiðabliks í gær er Blikar unnu Fjölnismenn, 2-1 - hans gamla félagi. Hér eigast við Damir Muminovic, varnarmaður Blika, og Ingimundur Níels Óskarsson. Þetta var annar sigur Breiðabliks í Pepsi-deild karla í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Þýðir ekki að henda öllu fram

**FH leikur einn stærsta leik í sögu félagsins þegar liðið mætir Maribor frá Slóveníu í 3. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar annað kvöld. Sigurvegari rimmunnar spilar í Evrópukeppni fram að áramótum.**

**FÓTBOLTI** Taugar leikmanna, þjálfara, stjórnarmanna og stuðningsmanna FH verða eflaust þandar annað kvöld þegar Fimleikafélag Hafnarfjarðar tekur á móti Maribor í seinni leik liðanna í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

Vinni FH kemst liðið í umspil um sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar en þangað hefur ekkert íslenskt lið komist. Falli FH úr leik í umspili Meistaradeildarinnar er liðið öruggt með sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar.

Falli FH hins vegar úr leik fyrir Maribor á morgun fer liðið í umspil um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Stjarnan komst í þetta sama umspil fyrir þremur árum en tapaði fyrir ítalska stórliðinu Inter.

Maribor vann fyrri leikinn gegn FH á sínum heimavelli með einu marki gegn engu og staða Íslandsmeistaranna fyrir leikinn annað kvöld er því nokkuð snúin. FH-ingar verða að sækja og skora tvö mörk, nema þeir skori eitt mark og fari áfram eftir vítaspyrnukeppni, en verða á sama tíma að vera varkárir enda gerir slóvenskt mark nánast út um vonir þeirra.

„Við þurfum að vera þéttir til baka eins og við vorum í fyrri leiknum. Að mínu mati þýðir ekkert að byrja leikinn á að henda öllu fram því ef við fáum á okkur eitt mark þurfum við að skora þrjú. Við þurfum að vera skynsamir en samt að leggja meiri áherslu á sóknina, halda boltanum betur innan liðsins og skapa okkur fleiri færi hérna á heimavelli en við gerðum úti,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Maribor varð slóvenskur meistari í fjórtánda sinn á síðasta tímabili. Liðið hefur farið vel af stað á þessu tímabili og unnið alla þrjá leiki sína í slóvensku úrvalsdeildinni. Heimir segir að Maribor sé með sterkt lið og að FH-ingar þurfi að hafa sérstakar gætur á brasilíska framherjanum Marcos Taveres, sem skoraði eina markið í fyrri leiknum.

„Þetta er mjög gott lið. Þeir eru góðir að halda boltanum innan liðsins, með fljóta menn frammi og Taveres sem er mjög öflugur,“ sagði Heimir en umræddur Taveres hefur verið í herbúðum Maribor frá 2008 og er fyrirliði liðsins.

Mikilvægi leiksins á morgun er gríðarlegt enda háar fjárhæðir í boði fyrir liðið sem kemst áfram. Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH, segir að leikmenn liðsins reyni að halda einbeitingu og láta pressuna ekki sliga sig.

„Það er engin þannig pressa á okkur að komast áfram. Okkar aðalmarkmið er að gera okkar allra besta og við setjum bara þá pressu á okkur að eiga toppleik. Ef það gerist eru möguleikarnir fyrir hendi,“ sagði Davíð Þór sem er þó meðvitaður um hversu stór leikurinn er fyrir FH sem félag.

„Þetta er risaleikur. Við áttum okkur alveg á því. En það er ekki hægt að setja þá pressu á íslenskt lið að slá lið frá Slóveníu, sem hefur verið í riðlakeppni Meistara- og Evrópudeildarinnar undanfarin ár, út.“

En líður fyrirliðanum eins og FH-ingar geti skorað tvö mörk á móti þessu sterka liði Maribor og slegið það út?

„Mér finnst við eiga möguleika. Í fyrri hálfleiknum í leiknum úti spiluðum við virkilega vel en hefðum getað refsað þeim meira þegar við unnum boltann á ágætum stöðum. Bara það að vera mættir á okkar heimavöll, fyrir framan okkar stuðningsmenn, hjálpar okkur og gefur okkur auka kraft. Ég tel okkur eiga möguleika þótt þeir séu sigurstranglegri,“ sagði Davíð en komist FH í umspil fyrir riðlakeppnina bíða þar stórlið eins og Liverpool, Sevilla og Napoli. ingvithor@365.is

> Okkar aðalmarkmið er að gera okkar allra besta og við setjum bara þá pressu á okkur að eiga toppleik.
>
> Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH






## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**KR - Víkingur 4-2**
1-0 Tobias Thomsen, víti (20.), 2-0 Aron Bjarki Jósepsson (39.), 2-1 Kwame Quee (60.), 2-2 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (74.), 3-2 André Bjerregaard (81.), 4-2 Óskar Örn Hauksson (85.).

**Grindavík - Víkingur R 1-2**
0-1 Vladimir Tufegdzic (69.), 0-2 Ívar Örn Jónsson, víti (82.), 1-2 Andri Rúnar Bjarnason (90.).

**Breiðablik - Fjölnir 2-1**
1-0 Patrick Pedersen (8.), 2-0 Pedersen (38.), 3-0 Kristinn Ingi Halldórsson (54.), 3-1 Ásgeir Eyþórsson (55.), 4-1 Einar Karl Ingvarsson (65.), 4-2 Ásgeir Eyþórsson (77.).

**Valur - ÍA 5-0**
1-0 Martin Lund Pedersen (53.), 1-1 Marcus Solberg (60.), 2-1 Martin Lund Pedersen (76.), 3-0 Eiður Aron Sigurbjörnsson (63.), 4-0 Orri Sigurður Ómarsson (74.), 5-0 Sigurður Egill Lárusson (78.).

Valsmenn hafa tekið átta stiga forystu á toppi Pepsi-deildar karla eftir öruggan sigur á botnliði ÍA í gær. Valsmenn hafa ekki tapað síðan í lok maímánaðar.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 30 | Víkingur | 18 |
| Stjarnan | 22 | KA | 15 |
| Grindavík | 21 | Fjölnir | 15 |
| FH | 20 | Víkingur Ó | 13 |
| KR | 20 | ÍBV | 12 |
| Breiðablik | 18 | ÍA | 9 |

**DÝRMÆTUR JÚLÍMÁNUÐUR**
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fékk 2,6 milljónir króna fyrir árangur sinn á opna skoska meistaramótinu um helgina, það mesta sem hún hefur fengið fyrir eitt mót á LPGA-mótaröðinni í ár. Ólafía hefur fengið rúmar fjórar milljónir fyrir þrjú mót í júlí, af 6,7 milljónum króna alls sem hún hefur fengið á tímabilinu öllu. Ólafía er sem stendur í 104. sæti peningalistans en efstu 100 keppendur endurnýja þátttökurétt sinn fyrir næsta tímabil mótaraðarinnar.



**KOMST EKKI ÁFRAM**
Valdís Þóra Jónsdóttir fékk ekki keppnisrétt á opna breska meistaramótinu í golfi en hún tók þátt í úrtökumóti í gær. 22 kylfingar fengu þátttökurétt en Valdís Þóra hafnaði í 69. sæti á tveimur yfir pari. Hún hefði þurft að spila á tveimur undir pari til að komast áfram. Íslendingar munu þó eiga fulltrúa á mótinu, fjórða og næstsíðasta risamóti ársins. Mótið fer fram á Kingsbarns-vellinum í Skotlandi og hefst á fimmtudag. Sýnt verður beint frá mótinu á Golfstöðinni.



**MATIC TIL MANCHESTER**
Nemanja Matic gekk í gær í raðir Manchester United en þessi 28 ára miðjumaður frá Serbíu þekkir það vel að spila undir stjórn Jose Mourinho. Portúgalinn keypti hann til Chelsea árið 2014 frá Benfica og segir að hann hafi öll helstu einkenni góðs knattspyrnumanns – „tryggð, stöðugleika og metnað“, sagði Mourinho. Chelsea keypti Tiemoue Bakayoko frá Monaco í síðasta mánuði og gat því leyft sér að selja serbneska miðjumanninn Matic til Manchester United. Matic varð tvívegis enskur meistari með Chelsea, árið 2015 og 2017.

# ICEWEAR MAGASÍN

**Laugavegi 91 · Heill heimur af útivistarvörum**




**ÚTIVISTAR- OG REGNFATNAÐUR, SKÓR, OG FYLGIHLUTIR Á FRÁBÆRU VERÐI**



**King Kamp tjöld**
**Svefnpokar og allur útilegubúnaður á 50% afslætti.**





**Úlpur frá Kr. 12.990**
**Regnstakkar Kr. 8.990**
**Pollabuxur Kr. 6.990**
**Brúsar Kr. 990**



ICEWEAR ICELAND

**www.icewear.is**

VERSLANIR ICEWEAR

**REYKJAVÍK** AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 89-91 **OUTLET** · FÁKAFEN 9 **OUTLET**
**GARÐABÆR** MIÐHRAUN 4 · **AKUREYRI** HAFNARSTRÆTI 106 · **VÍK Í MÝRDAL** AUSTURVEGUR 20 · **VESTMANNAEYJAR** BÁSASKERSBRYGGJU 2



Okkar ástkæra
**Helga Markúsdóttir**
Kaplaskjólsvegi 51,
lést 27. júlí.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju,
föstudaginn 4. ágúst klukkan 13.00.

**Guðlaug Eyþórsdóttir**
**Einar Ingi Einarsson** **Svanhvít Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð
og vinarhug við andlát og útför
**Þorbjargar Guðrúnar Guðjónsdóttur**
áður til heimilis að Gróðrarstöðinni
í Grænuhlíð við Bústaðaveg,
sem lést á Hrafnistu mánudaginn 12. júní sl. og var
jarðsungin 19. júní sl.

**Jóna Gunnarsdóttir**
**Guðjón Reynir Gunnarsson**
**Vernharður Gunnarsson** **Björg Árnadóttir**
**Ósk Gunnarsdóttir** **Snorri Arnfinnsson**
**Gunnar Þór Gunnarsson**
**Katrín Rós Gunnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Petrea Guðmundsson**
lést á Droplaugarstöðum 27. júlí.
Útför hennar fer fram frá Bústaða-
kirkju, föstudaginn 4. ágúst klukkan 13.

**Pétur Karl Guðmundsson**
**og Debbie Watson Guðmundsson**
**Guðrún María Guðmundsdóttir**
**Ellý Katrín Guðmundsdóttir og**
**Magnús Karl Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undir-
búnings og framkvæmd útfarar
ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu og
umhyggju að leiðarljósi
og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*


**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




**Þorgrímur Óli hefur hingað til unnið fullan vinnudag en nú tekur við frí til framtíðar.** MYND/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON

# Leggur löggubúningnum

**Þorgrímur Óli Sigurðsson vann sinn síðasta vinnudag í gær sem lögregla á Suðurlandi. Nú taka við nýir tímar með frídögum og uppfyllingu gamals draums um ferð til Japans.**

Mér líður vel. Ég lít svo á að ég sé að fara í sumarfrí en það verður kannski dálítið langt," segir Þorgrímur Óli Sigurðsson sem vann sinn síðasta vinnudag í gær sem lögreglumaður á Suðurlandi eftir rúm 35 ár í embætti. „Samkvæmt lögum ber lögreglumönnum að hætta þegar þeir verða 65 ára og það afmæli átti ég 24. júlí. Nú tekur framtíðin við. Ég ætla að láta hana koma til mín. Það er bara tilhlökkun að takast á við nýtt."

Þorgrímur Óli á einbýlishús á Selfossi með trjágarði og meira að segja strönd við Ölfusána. „Ég er ekkill en með konu, svo á ég börn og barnabörn sem búsett eru í Reykjavík og það fer einhver tími í að heimsækja þau," segir hann þegar forvitnast er um fjölskyldu- og áhugamál. „Svo taka líka við lengri ferðalög. Ég hef frá 1971 haft áhuga á að heimsækja Japan og sá draumur er að verða að veruleika í október. Vann með Japönum við niðursetningu á túrbínum í Búrfellsvirkjun og áhuginn vaknaði á þeirra heimalandi. Ég var á Kúbu um síðustu páska og Ísrael í fyrrahaust. Maður verður á þessari línu – að kanna nýjar lendur," segir Þorgrímur Óli hress.

> **Það var sérstakt verkefni sem við fengum fyrir nokkrum árum þegar okkur var falið að grafa skákmeistarann Bobby Fischer upp.**

Hann hefur verið í fullu starfi frá apríl 1982, lengst af í rannsóknardeild og aðstoðaryfirlögregluþjónn síðustu tíu árin – upp á dag. Er honum eitthvað minnisstæðara en annað frá ferlinum? „Það var sérstakt verkefni sem við fengum fyrir nokkrum árum þegar okkur var falið að grafa skákmeistarann Bobby Fischer upp til að nálgast lífsýni úr honum út af barnsfaðernismáli. Það var mjög sérstök tilfinning sem fylgdi því." **gun@frettabladid.is**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát
**Guðbrands Orra Vigfússonar**
Grænuhlíð 11, Reykjavík.
Sérstakar þakkir til starfsfólks
gjörgæsludeildar Borgarspítalans
fyrir hlýju og góða umönnun.

**Unnur Kristinsdóttir**
**Vigfús Orrason** **Guðrún Ósk Óskarsdóttir**
**Hulda Orradóttir**
**Unnur Álfrún Hulludóttir**
**Margrét Álfdís Hulludóttir**
**Álfhildur Iða Hulludóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Magnús Ingvi Vigfússon**
lést 20. júlí. Útförin hefur farið fram í
kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans
er bent á hjúkrunarheimilið Skógarbæ,
sími 510 2141.

**Kristín Samúelsdóttir**
**Svavar Magnússon** **Margrét Harðardóttir**
**Samúel Páll Magnússon** **Inga Erna Hermannsdóttir**
**Ingvi Magnússon** **Helga Tómasdóttir**
**Hrund Magnúsdóttir** **Sigþór Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,
**Ingólfur Sigurðsson**
Mýrarvegi 113, Akureyri,
andaðist 17. júlí sl. Útförin fer
fram fimmtudaginn 3. ágúst frá
Akureyrarkirkju kl. 13.30. Þeim sem
vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Elínborg Ingólfsdóttir** **Magnús Þórðarson**
**Magnús Ingólfsson** **Sólveig Erlendsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** **Samúel Jóhannsson**
**Þórdís Ingólfsdóttir**
**Sölvi Ingólfsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug vegna
andláts ástkærrar eiginkonu minnar,
móður okkar, tengdamóður og ömmu,
**Hrafnhildar Þorgrímsdóttur**
kennara.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 12E og
líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og
hlýja nærveru. Guð blessi ykkur öll.

**Rafn Kristjánsson**
**Ásdís Margrét Rafnsdóttir** **Njáll Líndal Marteinsson**
**Ólafur Þór Rafnsson** **Dögg Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**


SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
10% AUKA AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU
Lín
DESIGN
SMÁRATORGI | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Fremur hægur vindur í dag og á miðvikudag, skýjað með köflum og stöku skúrir. Hiti 8 til 18 stig, svalast austast.




### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 12° |
| ↘ 3 | ↙ 2 | ↓ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 9° | 8° |
| ↙ 2 | ↑ 3 | ↓ 2 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 11° | 12° |
| ↘ 4 | ← 3 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 11° | 10° |
| ↓ 3 | ↑ 3 | ↓ 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

## Skák Gunnar Björnsson

Baadur Jobava (2.714) átti leik gegn Nigel Short (2.688) á Xtra-con-mótinu í Helsingör.

**Hvítur á leik**

**38. e6!! Rxb3 39. exf7+ Kh8 40. He7! Rd2 41. He8+! Hxe8 42. fxe8D+ Hxe8 43. f7 He1+ 44. Kg2 He2+ 45. Kh3 Hf2 46. Be5+ Hf6 47. Bxf6# 1-0.** Glæsilega teflt hjá Jobava sem sigraði á mótinu.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. aldinlögur
6. listamaður
8. kvk. nafn
9. skarð
11. á fæti
12. hvíld
14. kjötstykki
16. óreiða
17. berja
18. fiskur
20. tveir eins
21. krafs

**LÓÐRÉTT**
1. skrifa
3. tveir eins
4. lindýr
5. samræða
7. ræðismaður
10. stroff
13. tangi
15. drepa
16. skora
19. kusk



**LÁRÉTT:** 2. must, 6. kk, 8. una, 9. rof, 11. il, 12. áning, 14. steik, 16. rú, 17. slá, 18. áll, 20. ll, 21. klór.
**LÓÐRÉTT:** 1. skrá, 3. uu, 4. snigill, 5. tal, 7. konsúll, 10. fit, 13. nes, 15. kála, 16. rák, 19. ló.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# TAX FREE

## AFSLÁTTUR af öllum skólatöskum* og pennaveskjum til 6. ágúst

Explore



**7.990**
Verð áður
9.990 kr.



Ogio



**10.390**
Verð áður
12.990 kr.

Nike



**6.399**
Verð áður
7.999 kr.

**30%** afsláttur af öllum JEVA skólatöskum



**13.290**
Verð áður
18.990 kr.

Walker



**7.199**
Verð áður
8.999 kr.

Under Armour



**4.790**
Verð áður
5.990 kr.

*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.
*Afsláttur gildir ekki á Herschel skólatöskum.
Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**
**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**







# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is



Ragnar Kjartansson sýnir í Hafnarhúsinu eins og alþjóð ætti að vera kunnugt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 1. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kvartettinn Kurr
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Valgerður Guðnadóttir söngkona, Helga Laufey Finnbogadóttir píanóleikari, Guðjón Steinar Þorláksson kontrabassaleikari og Erik Qvick slagverksleikari. Þjóðlög og suðrænir tangóar. Lífleg og fjölbreytt efnisskrá, að nokkru leyti spunnin og undir áhrifum djasstónlistar.

**Hvað?** Kvartett Óskars Guðjónssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í kvöld kemur fram kvartett saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar. Eyþór Gunnarsson leikur á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Þeir munu taka í sundur og setja aftur saman lög sem einhverjir hafa kannski heyrt áður, en aðrir ekki, í útsetningum sem enginn veit hvernig munu hljóma. Spennan hleðst upp og spilalöngunin magnast.

**Hvað?** Íslensk sönglög
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Harpa
Kristín Sveinsdóttir mezzosópran og Eyrún Unnarsdóttir sópran flytja íslensk sönglög. Laufey Sigrún Haraldsdóttir leikur á flygilinn.

**Hvað?** Magnús Þór og Árstíðir
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Árstíðir og goðsögnin Magnús Þór Sigmundsson leiða saman hesta sína alla leið á Café Rosenberg og blása til tónleika. Undanfarna mánuði hefur þetta teymi drukkið saman kaffi og unnið að gerð breiðskífu sem mun samanstanda af lögum eftir Magnús Þór sem fæst hafa áður litið dagsins ljós. Árstíðir unnu með Magnúsi við útsetningu plötunnar og eru upptökur á lokastigi. Á tónleikunum á þriðjudag munu bæði Árstíðir og Magnús Þór stíga á svið hvort í sínu lagi, og munu síðan án efa flytja sýnishorn af væntanlegri breiðskífu. Miðaverð 2.900 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grund á undanförnum árum. Þar á meðal eru meiriháttar yfirlitssýningar í virtum söfnum beggja vegna Atlantsála.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, úr steinsteypu og bronsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.



Það er allt á fullu í Norræna húsinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** -LINES- Gagnvirk hljóð-innsetning
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Sænska tónskáldið Anders Lind hefur skapað þessa einstöku innsetningu sem kannar einn af grunnþáttum vestrænnar tónlistar: Línur. Línur fastar við veggi, gólf og hangandi úr lofti í samblandi við skynjara og raftæki mynda þrjú nýmóðins hljóðfæri, sem gera þér kleift að skapa tónlist með höndunum. Eltu eða þveraðu línurnar til að skapa þína eigin tónlist – kannaðu, leiktu, lærðu og hlustaðu í hljóðfylltu rými. Innsetningin er bæði fyrir börn og fullorðna og getur jafnvel verið áskorun fyrir reynd tónskáld. Verkið er þátttökuverk sem nýtur sín best þegar fleiri bregða á leik, en einnig er hægt að njóta verksins ein/n síns liðs.

HÚSASMIÐJAN | blómaval

# FERÐAVÖRUR

## Á 25% AFSLÆTTI



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



DEWALT

**DeWalt verkfæri**

**25% afsláttur**

ATH! DeWalt veltisög er á 15% afslætti



HITACHI
Inspire the Next

**Öll Hitachi verkfæri**

**25% afsláttur**

**Öll JOTUN pallaolía, viðarvörn og málning. - Blöndum alla liti**




**25% afsláttur**



**50% afsláttur**

Öll sumarblóm og trjáplöntur

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR**

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS

EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mike and Molly**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Mr Selfridge**
**11.00 Save With Jamie**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor US**
**13.40 The X-Factor US**
**15.05 The X-Factor US**
**16.30 The Simpsons**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 Last Week Tonight With John Oliver** Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og beinskeyttan húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
**20.00 Great News** Gamanþættir sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á sambandþeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin Katie vinnur á. Það reynir aldeilis á þolrifin hjá Katie því móðirin er uppátækjasöm og oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Roberts Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**20.25 Veep**
**20.55 Empire**
**21.40 Better Call Saul**
**22.35 Lucifer** Önnur syrpan af þessum mögnuðu spennuþáttum frá Warner um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn. Hann finnur nýjan tilgang og vill láta gott af sér leiða eftir að hann kynnist lögreglukonu og byrjar því að aðstoða hana við rannsókn sakamála með sínum einstöku og yfirnáttúrulegu hæfileikum sem fá fólk til að uppljóstra sínum dýpstu leyndarmálum.
**23.20 The Night Shift**
**00.05 Orange is the New Black**
**01.00 Queen Sugar**
**02.15 The Night Of**
**03.10 The Night Of**
**04.05 Strike Back**
**04.50 Dying of the Light**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Pepsí deild kk-Valur - ÍA**
**08.40 Pepsímörkin**
**10.05 Bayern Munchen - FC Internazionale**
**11.45 Manchester City - Tottenham Hotspur**
**13.25 Chelsea - FC Internazionale**
**15.05 Borgunarbikar kk-Stjarnan - ÍBV**
**16.45 Borgunarbikar kk-FH - Leiknir R.**
**18.25 Pepsí deild kk-Valur - ÍA**
**20.05 Pepsímörkin**
**21.30 Formúla E**
**23.15 Hertha Berlin - Liverpool**
**00.55 Premier League World**
**01.25 UFC - Sérstakir þættir**

### STÖÐ 3

**17.15 Raising Hope**
**17.40 The New Girl**
**18.05 The Detour**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.30 Mayday**
**20.15 Last Man Standing**
**20.40 Sleepy Hollow**
**21.25 The Vampire Diaries**
**22.10 Wire**
**23.10 Modern Family**
**23.35 Curb Your Enthusiasm**
**00.10 Mayday**
**00.55 Last Man Standing**
**01.20 Sleepy Hollow**
**02.05 The Vampire Diaries**
**02.50 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Lína langsokkur**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.11 Zigby**
**10.25 Stóri og Litli**
**10.38 Skógardýrið Húgó**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Lína langsokkur**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Zigby**
**14.25 Stóri og Litli**
**14.38 Skógardýrið Húgó**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Lína langsokkur**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Zigby**
**18.25 Stóri og Litli**
**18.39 Brunabílarnir**
**19.00 Furðufuglar**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 RBC Canadian Open**
**11.00 PGA Highlights**
**11.55 RBC Canadian Open**
**14.55 Golfing World**
**15.45 Scottish Open**
**18.50 Golfing World**
**19.40 PGA Highlights**
**20.35 RBC Canadian Open**

### BÍÓSTÖÐIN

**09.30 Julie & Julia**
**11.35 St. Vincent**
**13.20 Funny People**
**15.45 Julie & Julia** Rómantísk og hugljúf mynd frá 2009 með Meryl Streep og Amy Adams í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um Julie Powell (Amy Adams), sem ákveður einn daginn að prófa að matreiða allar 524 uppskriftirnar í matreiðslubók eftir Juliu Child (Meryl Streep), en hún ber nafnið Mastering the Art of French. Heldur Julie skrá yfir tilraunir sínar í þeim tilgangi að gefa út bók byggða á reynslunni.
**17.50 St. Vincent**
**19.35 Funny People**
**22.00 Kingsman. The Secret Service**
**00.10 Prisoners** Spennumynd frá 2013 með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum. Dover-fjölskyldan og Birch-fjölskyldan eru nágrannar og vinir sem búa í úthverfi í New York og tilheyra millistéttinni. Hvor hjón fyrir sig eiga tvö börn, þar af tvær sex ára stúlkur. Á þakkargjörðardaginn fer Dover-fjölskyldan í matarboð til Birch-hjónanna og barna þeirra. Eftir mat kemur í ljós að ungu dæturnar tvær eru horfnar og ekki líður á löngu uns fjölskyldurnar átta sig á því að þeim hefur verið rænt.
**02.40 Dirty Weeekend**
**04.10 Kingsman. The Secret Service**

### RÚV

**16.55 Íslendingar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hopp og hí Sessamí**
**18.25 Drekar**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Hjarðhegðun í náttúrunni**
**20.35 Orðbragð**
**21.10 Síðasta konungsríkið**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Afturgöngurnar**
**23.20 Skömm**
**23.50 Hernám**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Life Unexpected**
**09.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Superstore**
**14.40 Million Dollar Listing**
**15.25 Life in Pieces**
**15.50 Remedy**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Younger**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 The Great Indoors**
**20.15 Royal Pains**
**21.00 Star**
**21.45 Scream Queens**
**22.30 Casual**
**23.00 The Tonight Show**
**23.40 The Late Late Show**
**00.20 CSI Miami**
**01.05 Code Black**
**01.50 Imposters**
**02.35 Bull**
**03.20 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**03.50 Star**
**04.35 Scream Queens**
**05.20 Casual**
**05.50 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





2
**EMPIRE**
Þriðja serían um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð. Undir niðri ólgar spenna á milli fjölskyldunnar því allir sækjast eftir völdum.

**ÞRÆLGOTT**
**ÞRIÐJUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

2
**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og skemmtilegan húmor.



2
**VEEP**
Lokaþáttur af þessum bráðfyndnu og margverðlaunuðu gamanþáttum þar sem Julia Louis-Dreyfus er í aðalhlutverki.

Loka-þáttur



2
**BETTER CALL SAUL**
Lokaþáttur um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.



Loka-þáttur

2
**LUCIFER**
Önnur serían af þessum mögnuðu spennuþáttum um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn.




BÍÓ
**KINGSMAN: THE SECRET SERVICE**
Skemmtileg og þrælspennandi hasarmynd með Colin Firth og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.



3
**WIRE**
Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum




Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann

elja
Starfsmannaþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR




Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is




Antonía Lárusdóttir starfar sem ljósmyndari og leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Henti sér út í djúpu laugina sjálflærð

**Antonía Lárusdóttir** hefur undanfarið vakið athygli fyrir ljósmyndir sínar og núna nýlega leikstjórn en hún hefur þó aldrei menntað sig á því sviði. Antonía segir galdurinn vera að umkringja sig kláru fólki, leita ráða og svo einfaldlega henda sér út í djúpu laugina.

Núna síðasta árið er ég búin að vera í fullu starfi sem „freelance“ ljósmyndari og leikstjóri. Ég var að vinna á bar en hætti því til að fara að sinna þessu í fullu starfi, því lífið er of stutt fyrir leiðinlegar vinnur,“ segir ljósmyndarinn og leikstjórinn Antonía Lárusdóttir sem undanfarið hefur vakið lukku fyrir leikstjórn sína á tónlistarmyndböndum.

„Það kom í raun frekar óvænt inn í líf mitt, ég var ekki beint að sækjast eftir því til að byrja með,“ svarar Antonía aðspurð hvernig það kom til að hún fór að leikstýra. „En ég er búin að vera ljósmyndari í mörg ár. Þegar ég var 14 ára tók ég hverja einustu helgi í að gera myndaþætti með vinkonum mínum. Ég hef tileinkað ljósmyndun allan frítíma minn síðustu sjö ár, ég myndi segja að það væri helvíti góður skóli,“ segir Antonía sem er 21 árs.

Antonía er sjálflærð á sviði leikstjórnar og sömu sögu er að segja um ljósmyndunina. „Að mínu mati þarf maður ekkert endilega að fara í skóla til að læra, maður getur kennt sjálfum sér allt, sérstaklega núna. Ég er alveg sjálflærð og ef það koma upp vandamál þá eru til endalausar leiðir til að finna út úr þeim, þó svo maður endi bara á því að gúggla.“

Spurð út í hvort hún stefni á nám svarar Antonía neitandi. „Nei, ég stefni ekki á nám. Ég er eiginlega bara 99 prósent föst á því. Ég held að ég upplifi skóla svolítið öðruvísi en flestir. Ég hætti í menntaskóla og lauk því ekki stúdentsprófi. Nám er bara ekki fyrir mig. Ég upplifði skólakerfið alltaf eins og það væri að berja úr mér allt sem gerir mig að listamanni.“

Antonía kveðst reglulega fá spurningar um hvernig hún hafi náð góðum árangri í bransanum. „Mér finnst mikilvægt að fólk viti að maður þarf í alvörunni bara að hoppa í djúpu laugina og læra „as you go“. Það kennir þér ekkert meira heldur en reynslan sem þú öðlast þegar þú stígur út úr þægindarammanum. Það er líka mikilvægt að umkringja sig kláru fólki. Ég hef verið rosalega heppin með fólkið í kringum mig og þess vegna hefur þetta gengið framar vonum.“

**ÉG FÓR HEIM OG Á GOOGLE OG SKRIFAÐI: WHAT DOES A DIRECTOR DO?**

### Frumraunin fékk tilnefningu

Þegar Antoníu var boðið fyrsta leikstjóraverkefnið var hún ekki viss hvað það starf fæli í sér. „Ég var beðin um að leikstýra myndbandi við lagið Hæpið með Reykjavíkurdætrum og var í raun ekki alveg viss hvað það fæli í sér. Ég fór heim og á Google og skrifaði: what does a director do?“ segir Antonía og hlær.

„Þetta var algjör skóli fyrir mig. Það var mjög hæfileikaríkt föruneyti sem var með mér í þessu, bæði fólk sem var búið að vera mikið í bransanum og svo fólk að stíga sín fyrstu skref eins og ég. Ég gerði mikið af mistökum og lærði mikið en útkoman var mjög góð og við fengum meira að segja tilnefningu sem besta myndband ársins á Hlustendaverðlaununum árið 2016.“

### Líkar vel við óvissuna

Aðspurð hvernig henni líki að vera sjálfstætt starfandi og vita sjaldan hvaða verkefni eru á döfinni segir Antonía sér líka það vel. „Ég hef reyndar verið mjög heppin með verkefni og lenti meira að segja í því að yfirbóka mig óvart í júlí og ágúst. Það er mikilvægt að leyfa sér að gera það sem manni finnst eins og að sér sé ætlað að gera. Fyrir mig hentar ekki að vera í einhverjum spottum samfélagsins. Ég get lofað því að ég hefði ekki verið jafn heppin með verkefni hefði ég haldið vinnunni á barnum. Stöðugar tekjur gerðu mig lata en óvissan heldur mér á tánum,“ útskýrir Antonía.

„Ég hef líka verið dugleg að leyfa fólki að fylgjast með mér á samfélagsmiðlum, það er öflugasta leiðin til að minna á sig í dag. Ef einhvern vantar aðila í verkefnið þá man fólk frekar eftir manni ef maður er virkur á samfélagsmiðlum,“ segir Antonía sem leggur mikla áherslu á að vera virk á Instagram en hún er þar undir nafninu @antonialar.

Spurð út í hvernig sé að vera ung stelpa í leikstjórabransanum tekur Antonía smá tíma til umhugsunar. „Ég tek svolítið eftir því að karlmenn ráða frekar karlmenn. Ég finn að það er minna um traust þegar kemur að því að konur eigi að leikstýra karlmönnum. Það er smá svona „bara ég og strákarnir“-filingur, sérstaklega í rappheiminum. Ég held að þetta sé allt að breytast og þetta er að færast á jafnari vettvang,“ segir Antonía sem er þessa stundina í viðræðum við rapparann Xander, betur þekktan sem Black Pox.

„En ég er reyndar að fara að flytja til New York, þannig að það er ekki víst að ég nái að taka að mér fleiri verkefni hér heima, nema að þau heilli mikið.“

Spurð út í hvað bíði hennar í New York segir Antonía: „Ég ætla bara að sjá til. Ég er með nokkur verkefni í kortunum þegar ég kem út. En ég er ekki mikið fyrir að plana of langt fram í tímann,“ segir hún og hlær. „Ég er meira fyrir það að leyfa lífinu bara að gerast og treysta sjálfri mér fyrir því að grípa tækifærin.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*






BLÁSA ~~29.990 KR~~
DÖMU JAKKI 13.990 KR



BLEYTA ~~29.990 KR~~
DÖMU JAKKI 14.990 KR



BLÁFELL ~~24.990 KR~~
DÖMU JAKKI 12.490 KR



BLEYTA ~~9.990 KR~~
Barna jakki 5.990 KR



BLÁSA ~~29.990 KR~~
HERRA JAKKI 13.990 KR



LAKI ~~34.990 KR~~
HERRA JAKKI 14.990 KR



BLÁFELL ~~24.990 KR~~
HERRA JAKKI 12.490 KR



KATRÍN ~~6.990 KR~~
BARNA PEYSA 4.490 KR



MJÚKUR ~~9.990 KR~~
HERRA BUXUR 6.990 KR



GANGA ~~19.990 KR~~
DÖMU BUXUR 7.990 KR



FYLGJA ~~9.990 KR~~
DÖMU BUXUR 6.990 KR



GANGA ~~19.990 KR~~
HERRA BUXUR 7.990 KR

**OPNUNARTÍMI**

VIRKIR DAGAR 12:00 - 18:00 | LAUGARDAGUR 11:00 - 17:00 | SUNNUDAGUR 13:00 - 17:00

ZO•ON ICELAND

**STAÐSETNING**

FACTORY STORE, NÝBÝLAVEGUR 6

**SÍMI**

557 1050

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Nýtúristalandið Ísland

Ekkert er að óttast þó við Íslendingar klúðrum ferðamennskunni með verðlagi í ólagi. Ég hef komið auga á nýjan ferðaiðnað sem er bæði umhverfisvænn og gróðavænlegur.

Þannig er mál með vexti að við lifum flest ósköp einsleitu lífi, sérstaklega ef við keppum eins og kapphlaupahross á framabrautinni. Þá er okkur hætt við að koma því þannig fyrir að við umgöngumst aðeins fólk sem er svo átakanlega líkt okkur sjálfu. Ofan á þetta bætist að við höfum tilhneigingu til að búa innan um þetta sama fólk, sjáðu bara elítuna í Garðabæ og á Seltjarnarnesi.

Svo hafa sjálfshjálpargúrú lagt á það áherslu að við tölum helst ekki við fólk nema eitthvað sé upp úr því að hafa því allt annað sé sólundun á orku og tíma. Þá komum við eldra fólki fyrir á elliheimilum um leið og það hættir að geta passað og krakkarnir eru í skóla og á námskeiðum fram á kvöld þannig að við sitjum uppi með okkur sjálf í þessu einsleita kjörlendi hagsældarinnar.

Það þyrstir því alla í eitthvað framandi í fríinu. Þess vegna er tilvalið að bjóða framámönnum frá Garðabæ og Seltjarnarnesi að sjá hið framandi líf venjulegra Íslendinga. Getið þið til dæmis ímyndað ykkur hvílík upplifun það væri fyrir forsætisráðherra að heimsækja einstæða móður í Efra-Breiðholti sem ætti kannski ekkert sameiginlegt með honum nema óþægilega reynslu af stefnumótasíðum? Þarna höfum við fundið hinn fullkomna markhóp; forríkir túristar sem þurfa ekki að koma um langan veg. Þetta myndi því teljast afar umhverfisvæn ferðaþjónusta. Við hin gætum síðan ferðast fjarri sporbaugnum um naflann okkar og á vit náungans sem er á öndverðu við okkur sjálf. Þá yrði Ísland ekki aðeins gott ferðamannaland heldur líka afbragðs land.







